VR-BLAÐIÐ | 01 2020

VR

BLAÐSÍÐA 6
Framtíð vinnumarkaðarins og gervigreind

BLAÐSÍÐA 10
Aukin ásókn í trúnaðarmannsstarfið

BLAÐSÍÐA 14
Þú getur aldrei tapað á því að fara í nám

BLAÐSÍÐA 26
Frambjóðendur til stjórnar VR 2020-2022

EFNISYFIRLIT

FÉLAGSMÁL

3
Fréttir

4
Leiðari

6
Framtíð vinnumarkaðarins og gervigreind

8
Nú hefur vinnutíminn styst

9
Framtíðarnefnd VR

10
Aukin ásókn í trúnaðarmannsstarfið

12
Trúnaðarmaðurinn – Elín Lára Jónsdóttir

13
Námskeið fyrir trúnaðarmenn

17
Ekki gleyma þér!

20
Hádegisfyrirlestrar fyrir félagsmenn VR

22
Orlofshús VR

33
Námskeið fyrir félagsmenn VR

34
Krossgátan

35
Verslunarstörf þá og nú

KOSNINGAR 2020

24
Allsherjaratkvæðagreiðsla í VR 2020

25
Úr lögum VR um kosningar

26
Kynning á frambjóðendum til stjórnar VR

32
Listi stjórnar og trúnaðarráðs 2020 -2022

STARFSMENNTAMÁL

14
Þú getur aldrei tapað á því að fara í nám

18
Nýjar námsleiðir fyrir verslunarfólk

21
Hvernig virkar starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks?

Forsíðumynd
Ljósmyndasafni Reykjavíkur

VR BLAÐIÐ

1. tbl. 42. árgangur mars 2020

Hús verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík
Sími 510 1700
vr@vr.is
www.vr.is

Ábyrgðarmaður
Ragnar Þór Ingólfsson

Ritstjóri
Fjóla Helgadóttir

Ritstjórn
Árdís Birgisdóttir
Árni Leósson
Fjóla Helgadóttir
Ragnar Þór Ingólfsson
Steinunn Böðvarsdóttir
Þorsteinn Skúli Sveinsson

Umbrot og útlit
Tómas Bolli Hafþórsson

Ljósmyndir
Birgir Ísleifur Gunnarsson
og Guðmundur Þór Kárason

Prentun
Oddi

Upplag
25.290

Stjórn VR
Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR
Harpa Sævarsdóttir, varaformaður
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, ritari
Anna Þóra Ísfold
Arnþór Sigurðsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Dóra Magnúsdóttir
Friðrik Boði Ólafsson
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Helga Ingólfsdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Selma Árnadóttir
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Sigurður Sigfússon
Þorvarður Bergmann Kjartansson

Varamaður
Sigmundur Halldórsson

NÝTTU ATKVÆÐISRÉTT ÞINN

Allsherjaratkvæðagreiðsla til stjórnar VR fyrir kjörtímabilið 2020 til 2022 hefst mánudaginn **9. mars og lýkur á hádegi 13. mars**. Kosningin er rafræn á Mínum síðum á vef VR. Innskráning er með Íslykli eða rafrænum skilríkjum. **Við hvetjum félagsmenn til að kynna sér frambjóðendur og nýta atkvæðisrétt sinn**.

FYRSTA ÚTSKRIFT ÚR DIPLÓMANÁMI Í VIÐSKIPTAFRÆÐI OG VERSLUNARSTJÓRNUN

Fyrsti hópur nemenda útskrifaðist úr Diplómanámi í viðskiptafræði og verslunarstjórnun þann 22. febrúar síðastliðinn. Útskriftin fór fram hjá Háskólanum á Bifröst, en verkefnið er samstarf skólans og Háskólans í Reykjavík. VR, Samtök verslunar- og þjónustu og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks veittu útskriftarnemum verðlaun og ávarpaði Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, hópinn eftir að þau tóku við skírteinum sínum. Óskaði hann þeim til hamingju með áfangann og sagði að þau væru brautryðjendur fyrir fagfólk í verslun og þjónustu.

VR HEIMSÆKIR SKÓLANA

VR hefur staðið fyrir kynningum á réttindum og skyldum í grunn- og framhaldsskólum undanfarin 20 ár. Á kynningunni er farið yfir helstu grunnþætti sem mikilvægt er að ungt fólk þekki þegar það fer út á vinnumarkaðinn eins og kjarasamninga, launataxta, lágmarkslaun og veikindarétt svo eitthvað sé nefnt. Þá er mikilvægt að unga fólkið sé meðvitað um hvaða hlutverki stéttarfélögin gegna og þjónustuna sem þau veita. Það sem af er skólaári 2019-2020 hafa verið bókaðar 52 grunnskólakynningar og munu 2895 grunnskólanemendur fá slíka kynningu í sínum skóla.

Framhaldsskólar sem fá kynningu á skólaárinu eru 10 talsins og um 417 framhaldsskólanemendur koma til með að hlýða á kynningu í sínum skóla en enn eiga eftir að bætast við skólar. Forsvarsmenn skóla geta bókað kynningu með því að hringja í þjónustuver VR í síma 510 1700 eða senda tölvupóst á sandra@vr.is.

AÐALFUNDUR VR

25. MARS 2020

Aðalfundur VR verður haldinn á **Hilton Reykjavík Nordica miðvikudaginn 25. mars næstkomandi og hefst kl. 19.30**. Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf.

LEIÐARI FORMANNS

„ÞÚ VERÐUR AÐ HLUSTA...“

Verkalýðshreyfingin hefur verið mikið í fréttum síðustu misseri og ár og ekki að ástæðulausu.

Árin eftir hrun var hreyfingin mikið gagnrýnd fyrir sambandsleysi, meðvirkni og ósýnileika þegar hvað harðast var sótt að launafólki og lífskjörum okkar. Gekk það svo langt að Alþýðusambandið skrapaði hinn landsfræga botn í trausti, samkvæmt mælingum viðhorfskannana, og kepptist við að verma þennan vafasama botn með Alþingi, fjármálakerfinu, lífeyrissjóðunum og Fjármálaeftirlitinu.

Með miklum breytingum í forystu hreyfingarinnar síðustu ár hefur orðið breyting þar á. Í raun algjör viðsnúningur. Viðsnúningur í viðhorfi og trausti sem á sér ekki fordæmi því afar erfitt er að vinna það upp ef það á annað borð glatast. Alþýðusambandið og nokkur stærstu aðildarfélögin mælast nú meðal þeirra sem mesta traustið hafa í íslensku samfélagi. Hvað veldur gæti einhver spurt en því er auðsvarað.

Grasrótin tók til sinna ráða og kaus sér nýja forystu í stærstu félögunum. Forystu sem lofaði að hlusta og breyta, taka baráttuna og stefnumót-

Framúrkeyrsla, spilling og brengluð forgangsröðun virðist oft vera aðalsmerki stjórnsýslunnar og er alltof langt mál að taka fleiri dæmi þar um. Einhverjir hljóta að bera ábyrgð. Og ábyrgðin er ekki síst okkar sjálfra.

un til grasrótarinnar og skila henni ómengaðri í kröfugerðir félaganna. Og taka svo með sér inn á miðstjórnarborð Alþýðusambandsins, sem svaraði kallinu með því að endurnýja forsetateymi og miðstjórn ASÍ.

Verkalýðshreyfingin fann svarið sem aðrar stofnanir samfélagsins hafa leitað að en ekki haft erindi sem erfiði. Svo brenglaðar og fjarstæðukenndar virðast hugmyndirnar til að endurvinna traust hafa verið að stofnaðar hafa verið sérstakar nefndir sem eiga að koma með tillögur eða jafnvel farið í sérstakar auglýsingaherferðir.

Lausnin gæti hinsvegar ekki verið einfaldari. Að hlusta. Hlusta á fólkið. Að standa við það sem sagt er en gera ekki eitthvað allt annað. Að tala við fólkið en ekki til þess. Að ávinna sér traustið en ekki reyna að kaupa það með herferðum rétt fyrir kosningar.

Gætu kjósendur gert það sama í næstu alþingiskosningum og félagsmönnum verkalýðshreyfingarinnar tókst að gera? Væri möguleiki að kjósa í burtu kjörna fulltrúa sem ítrekað hafa fengið tækifæri til að vinna fyrir fólkið en jafnharðan snúist gegn því þegar þröngir sérhagsmunahópar banka upp á? Munum við sjá slíkan valkost verða að veruleika? Samkvæmt könnunum er gríðarleg eftirspurn eftir slíku afli. Væri það ekki tilbreyting að fá raunverulega skjaldborg um heilbrigðiskerfið í stað skjaldborgar um fiskveiðistjórnunarkerfið og dekrið í kringum milljarðamæringanna sem kerfið hefur alið af sér á kostnað grunnþjónustunnar?

Væri það ekki ljúf tilhugsun ef ríkisreknir eftirlitsaðilar eins og Fjármálaeftirlitið færu frekar í að rannsaka raunveruleg efnahagsbrot, skattaundanskot, aflandsfélög auðmanna og peningaþvætti tengdum sjávarútvegsfyrirtækjum og fjármálakerfinu í stað þess að ráðast á verkalýðsfélög sem hafa fengið upp í kok af spillingunni og meðvirkninni innan t.d. lífeyrissjóðakerfisins?

Væri ekki nær að bæta starfsumhverfi og kjör þeirra verst settu í stað þess að byggja tugmilljarða glerhöll utan um Landsbankann, byggingu sem enginn vill eða bað um og byggja þess í stað íbúðarhúsnæði fyrir fjölskyldur um 800 til 1.000 barna sem búa við óviðunandi aðstæður í iðnaðarhúsnæðum víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu? Væri ekki nær að byggja hagkvæmt íbúðarhúsnæði sem fólk hefur efni á að kaupa eða leigja í stað þúsunda lúxusíbúða og lúxushótelherbegja sem ekki virðist vera nokkur markaður fyrir? Erum við nokkuð gleymin á loforðin? Gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustan og skjaldborgin myndgerðust í að sjúklingar liggja á göngum eða inni á klósettum á meðan starfsfólk örmagnast undan álagi. Fólk hefur enn ekki efni á að veikjast á meðan haldnar eru rándýrar fullveldishátíðir og önnur boð sem enginn bað um eða skilur. Það átti að bæta hag öryrkja, afnema skerðingar og það átti að stöðva rányrkju almannatryggingakerfisins á uppsöfnuðum lífeyri eldri borgara. En hvað fengum við? Í staðinn fengum við sérstakar hækkanir Kjararáðs til hálaunafólks og hækkun framlaga til stjórnmálaflokka sem aftur öskra á torgum til þeirra sem höllustum fæti standa um að gæta hófs í nafni heilags stöðugleika. Það átti að styrkja innviði en í staðinn er talað um vegatolla og lækkun veiðigjalda. Við áttum að sjá hvítbók um fjármálakerfið en fengum hvítþvott. Við sjáum niðurskurð til meðferðarstofnana á meðan met er slegið í gagnslitlum skýrslukaupum.

Framúrkeyrsla, spilling og brengluð forgangsröðun virðist oft vera aðalsmerki stjórnsýslunnar og er alltof langt mál að taka fleiri dæmi þar um. Einhverjir hljóta að bera ábyrgð. Og ábyrgðin er ekki síst okkar sjálfra. Við erum löngu búin að fyrirgera þeim rétti að hafa ekki vitað betur þegar við treystum rótgrónum stjórnmálaflokkum enn einu sinni og enn eina ferðina til að taka hagsmuni okkar fram yfir þrönga sérhagsmuni. Öllu fögru var lofað en allt annað var gert, eins og venjulega. Hlustað rétt fyrir kosningar en ekkert þess á milli.

Lífskjarasamningurinn var mjög afturhlaðinn samningur. Það þýðir að mestu kjarabæturnar hafa ekki enn komið fram en munu gera það á allra næstu mánuðum. Og ef stjórnmálin standa við sinn hluta er jafnvel bjart framundan á húsnæðismarkaði. Mikil varnarbarátta mun því einkenna næstu misseri. Varnarbarátta lífskjara og lífsgæða og þeirra mála sem við sömdum um. Næstu Alþingiskosningar munu reynast stóra prófið fyrir okkur sem samfélag. Útkoman mun endurspegla styrkleika okkar og umburðarlyndi gagnvart stöðunni.

Á þingi Alþýðusambandsins þann 24. október 2008 voru í framboði til forseta Gylfi Arnbjörnsson framkvæmdastjóri ASÍ og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, þáverandi varaforseti ASÍ og formaður Landssambands íslenzkra verzlunarmanna. Gylfi sigraði og var kjörinn forseti ASÍ. Ingibjörg R. Guðmundsdóttir tók ósigrinum af stakri prúðmennsku en veitti nýkjörnum forseta heilræði sem við ættum öll að temja okkur í leik og starfi.

Ingibjörg lést í október 2010 eftir 30 ára afar farsælt starf innan verkalýðshreyfingarinnar. Ég þekkti Ingibjörgu ekki mikið en við spjölluðum þó saman nokkrum sinnum. Heilræðið góða situr sem fastast en þó því hafi ekki verið beint til mín þá tek ég það til mín í öllu sem ég geri.

„Þú verður að hlusta.“

Ragnar Þór Ingólfsson
Formaður VR

VIÐAR INGASON
HAGFRÆÐINGUR VR

FRAMTÍÐ VINNUMARKAÐARINS OG GERVIGREIND

Vinnumarkaðurinn, bæði á Íslandi og erlendis, mun fara í gegnum miklar breytingar á næstu 10-15 árum í tengslum við hina svokölluðu fjórðu iðnbyltingu. Fjórða iðnbyltingin mun hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif í för með sér, líkt og fyrri iðnbyltingar. Fyrsta iðnbyltingin, 1760-1840, einkenndist af vélvæðingu og má sem dæmi taka textíliðnaðinn. Textíliðnaðurinn gjörbreyttist á þessum tíma með tilkomu vefnaðarvéla þó útbreiðslan hafi farið hægt af stað. Önnur iðnbyltingin, 1870-1914, einkenndist af tækniframförum á borð við rafmagn, færibönd og járnbrautir. Erfiðisvinna var færð á færibandið og járnbrautirnar. Fram að þeim tíma unnu m.a. börn langar vaktir í verksmiðjum. Þriðja iðnbyltingin, 1950-1970, einkenndist af tölvum og upplýsingatækni.

Í gegnum þrjár fyrri iðnbyltingar hafa störf tapast en á sama tíma hafa ný störf skapast og framleiðni aukist. Aukin framleiðni vegna tækniframfara er ein af forsendum efnahagslegra framfara. Tækniframförum geta þó fylgt tímabundin neikvæð áhrif. Helstu neikvæðu áhrifin eru á störf sem tæknin tekur við af.

Fjórða iðnbyltingin einkennist af sjálfvirknivæðingu og gervigreind og vísar til tækniframfara sem átt hafa sér stað undanfarin ár og munu eiga sér stað á næstu 10-15 árum. Gott dæmi um tækniframfarir fjórðu iðnbyltingarinnar er sjálfkeyrandi bílar. Sjálfkeyrandi bílar geta tekið yfir störf á borð við akstur leigubíla og flutningabíla. Fyrirtæki líkt og

VINNUMARKAÐUR FRAMTÍÐAR – STEFNA VR

VR vill að félagsmönnum sé tryggt öruggt atvinnuumhverfi í framtíðinni. Félagið stefnir markvisst að því að hafa áhrif á þróun vinnumarkaðarins til framtíðar og koma í veg fyrir að stórar breytingar á vinnumarkaði geti skert hagsmuni félagsmanna. VR sér tækifæri í breytingum í tækni og viðskiptaumhverfi og lítur þær jákvæðum augum.

HELSTU ÁHERSLUR VR ER VARÐA FRAMTÍÐ VINNUMARKAÐARINS ERU:

1 . JÖFN DREIFING GÆÐA

VR vill að aukin hagræðing og framleiðniaukning í fyrirtækjum í kjölfar tæknibreytinga skili sér í betri kjörum til starfsfólks og til samfélagsins alls.

VR vill að vinnuvika starfsfólks styttist enn frekar án launaskerðingar. Fyrirtæki nýti tækifæri sem skapast í kjölfar hagræðingar sem sjálfvirknivæðing og tækniframfarir stuðla að til þessa að stytta vinnutíma starfsfólks.

VR hvetur fyrirtæki sem fara í gegnum tæknibreytingar að gera það með sjálfbæra þróun að leiðarljósi og að breytingar hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið.

VR vill að breytingar á atvinnuumhverfi með tilkomu tengihagkerfis, þar sem fólk tekur að sér stök verkefni í stað fastráðningar, skerði ekki atvinnuöryggi og að réttindi starfsfólks séu tryggð.

2. HAGSMUNAGÆSLA VIÐ BREYTINGAR Á STÖRFUM

VR vill að einstaklingar á vinnumarkaði fái aukin tækifæri og hvata til þess að þróa færni sína og læra nýja með sí- og endurmenntun.

VR vill að framboð menntunar sé aðlagað að breyttum kröfum og endurspegli færniþörf á vinnumarkaði. VR vill að gerðar séu reglulega spár um færniþörf á vinnumarkaði og þeim fylgt eftir með aðgerðaráætlun.

VR vill að fyrirtæki bjóði starfsfólki upp á þjálfun og fræðslu svo það hafi möguleika á starfsþróun og þjálfun í ný störf ef fyrirséð er að störf þeirra taki breytingum í kjölfar tækniframfara og/eða breytts viðskiptaumhverfis.

3. LÝÐRÆÐISVÆÐING Í FYRIRTÆKJUM

VR vill að áhrif starfsfólks í stærri fyrirtækjum séu tryggð með stjórnarsetu fulltrúa starfsfólks í stjórn fyrirtækisins.

VR vill að vitneskja og þekking á lýðræðisvæðingu í fyrirtækjum verði almenn.

Sú hætta getur skapast að mörg störf hverfi á skömmum tíma eins og áður kom fram. Ákveðnir samfélagshópar gætu setið eftir og misskipting aukist. Í þannig umhverfi eru kjarasamningar og sí- og endurmenntun mjög mikilvæg.

Uber hafa meðal annars hafið prófanir á sjálfkeyrandi bílum. Tæknirisinn Amazon notar vélmenni í vöruhúsum sínum til að sækja vörur og koma á rétta staði. Þá hefur Amazon einnig opnað matvöruverslun, amazon go, án afgreiðslukassa. Markmiðið er að opna stórmarkað sem aðeins þarf um tíu starfsmenn.

Þetta eru nokkur dæmi um hvar gervigreind og sjálfvirknivæðing hafa nú þegar tekið yfir störf og munu taka yfir fleiri störf á næstu 10-15 árum. Ný störf munu hins vegar skapast sem ekki voru til fyrir um 10-20 árum síðan. Google var stofnað fyrir 22 árum og starfa um 100 þúsund manns þar í dag, stór hluti með starfsheiti sem ekki þekktust á þeim tíma.

Fjórða iðnbyltingin er nokkuð ólík þeim fyrri. Hún fer hraðar yfir og nær til fleiri geira en fyrri iðnbyltingar. Gervigreindin birtist þó ekki aðeins í sjálfkeyrandi bílum eða vélmennum. Hún birtist einnig í kerfum sem hjálpa til við sjúkdómsgreiningu, svara fyrirspurnum viðskiptavina, taka ákvarðanir um kaup og sölu hlutabréfa eða fara yfir þúsundir starfsumsókna á augabragði.

Sú hætta getur skapast að mörg störf hverfi á skömmum tíma eins og áður kom fram. Ákveðnir samfélagshópar gætu setið eftir og misskipting aukist. Í þannig umhverfi eru kjarasamningar og sí- og endurmenntun mjög mikilvæg. Með kjarasamningum má leiðrétta laun og vinnutíma í tengslum við komandi breytingar á vinnumarkaði. Þá er mikilvægt að hvetja fullorðna, sérstaklega þá sem vinna við störf sem eiga á hættu að hverfa vegna sjálfvirknivæðingar, að sækja sér endurmenntun. Gögn fyrir OECD ríkin sýna að þeir sem þurfa hvað mest á endurmenntun að halda eru ólíklegastir til að sækja sér slíka endurmenntun.

Stjórnvöld spila einnig stórt hlutverk. Það er m.a. á valdi hins opinbera hvernig ábata af völdum tækniframfara er skipt á milli launamanna og fjármagnseigenda. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) metur það sem svo að 14% starfa í dag muni hverfa á næstu 15-20 árum vegna sjálfvirknivæðingar. Þá muni 32% starfa breytast verulega þar sem ákveðnir þættir þeirra verði sjálfvirknivæddir.

Sé rétt haldið á spilunum gæti fjórða iðnbyltingin orðið gríðarleg búbót fyrir alla. Aukin framleiðni í framleiðslu vegna tækniframfara getur lækkað framleiðslukostnað og þannig verð til viðskiptavina. Þegar störf breytast á þann veg að hluti starfsins verður sjálfvirknivæddur leiðir það til aukinnar framleiðni sem hægt er að mæta með launahækkunum eða styttingu vinnuvikunnar. Kjarasamningar, endurmenntun og viðbrögð hins opinbera munu skipta höfuðmáli til að koma í veg fyrir aukna misskiptingu og að ákveðnir hópar sitji eftir.

NÚ HEFUR VINNUTÍMINN STYST!

Hvernig er samkomulagið á þínum vinnustað?

Vinnudagur félagsmanna VR styttist um 9 mínútur frá og með 1. janúar sl. Það þýðir að uppsöfnun styttingar hófst þann 1. janúar. Hvernig hefur stytting vinnuvikunnar verið útfærð á þínum vinnustað?

TÍMAKAUP HÆKKAÐI FRÁ 1. JANÚAR 2020

Við bendum þeim sem fá greitt tímakaup á að tímakaup í dagvinnu skv. kjarasamningi VR og SA hækkaði frá og með 1. janúar 2020. Nýja launataxta sem tóku gildi 1. janúar 2020 má nálgast á vef VR.

UPPLÝSINGAR Á VEF VR

Allar nánari upplýsingar má finna á **vr.is/9min** en þar má meðal annars finna töflur fyrir nýjar deilitölur í afgreiðslu og á skrifstofu, reiknivél þar sem hægt er að reikna út vinnutímastyttingu miðað við starfshlutfall og Spurt og svarað, þar sem svarað er spurningum á borð við „Ég er í hlutastarfi. Á ég rétt á styttingunni?“

NÝJAR DEILITÖLUR

Skrifstofa / Sölumenn SA

VAR	100%		Virkar vinnustundir	
Á dag	7,5	7:30	7,25	7:15
Á viku	37,5	37:30	36,25	36:15
Á mánuði	162,5	162:30	157,1	157:06

NÝTT	100%		Virkar vinnustundir	
Á dag	7,35	7:21	7,1	7:06
Á viku	36,75	36:45	35,5	35:30
Á mánuði	159,27	159:17	153,86	153:52

Afgreiðsla / gestamóttaka / ferðaþjónusta SA

VAR	100%		Virkar vinnustundir	
Á dag	7,9	7:54	7,32	7:19
Á viku	39,5	39:30	36,58	36:35
Á mánuði	171,15	171:09	158,5	158:30

NÝTT	100%		Virkar vinnustundir	
Á dag	7,75	7:45	7,17	7:10
Á viku	38,75	38:45	35,83	35:51
Á mánuði	167,94	167:56	155,3	155:18

Samningur við FA
Bara miðað við virkar vinnustundir

	100% VAR		100% NÝTT	
Á dag	7,25	7:15	7,1	7:06
Á viku	36,25	36:15	35,5	35:30
Á mánuði	157,10	157:06	153,86	153:52

FRAMTÍÐARNEFND VR

Framtíðarnefnd VR var sett á fót snemma vors 2019 og hefur hún unnið að því að móta hlutverk og stefnu VR um vinnumarkað framtíðarinnar. Nefndin hefur hitt marga sérfræðinga og rætt við þá um þær breytingar sem hröð tækniþróun og viðskiptahættir munu koma til með að hafa á vinnumarkaðinn og störfin. Erfitt er að gera sér í hugarlund hvernig framtíðin mun verða og nákvæmlega hvers konar breytingar verða á störfum félagsmanna VR.

VR stefnir markvisst að því að hafa áhrif á þróun vinnumarkaðarins til framtíðar og koma í veg fyrir að stórar breytingar á vinnumarkaði geti skert hagsmuni félagsmanna. Markmið VR er að fylgjast vel með breytingunum til þess að geta sinnt hlutverki sínu sem er fyrst og fremst að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna sinna. Framtíðarnefnd VR hefur mótað sér stefnu sem snýst að miklu leyti um að gera félagsmönnum það kleift að hafa áhrif á atvinnuumhverfi sitt. Ef aukin tækni, nýting gervigreindar og sjálfvirknivæðing leiðir til aukinnar hagkvæmni og hagræðingar fyrir fyrirtækin, þá á starfsfólk að njóta góðs af því. Þess vegna er lögð áhersla á jafna dreifingu gæða í vinnu Framtíðarnefndar VR.

Í löndunum í kringum okkur hefur atvinnulýðræði verið virkt í lengri tíma. Atvinnulýðræði snýst um að starfsfólk hafi formlega aðkomu að ákvarðanatöku er varðar rekstur fyrirtækja, t.d. með sæti í stjórn fyrirtækisins. VR og Framtíðarnefndin munu kynna atvinnulýðræði fyrir félagsmönnum og öðrum áhugasömum á ráðstefnu sem haldin verður þann 29. apríl næstkomandi.

AUKIN ÁSÓKN Í TRÚNAÐARMANNSSTARFIÐ

Mikill áhugi hefur verið á trúnaðarmannsstarfinu undanfarnar vikur og mánuði. Ekki er alveg ljóst hvað veldur en þó er ekki erfitt að ímynda sér að hluti skýringarinnar gæti verið stór verkefni á borð við styttingu vinnuvikunnar, þar sem gott og jafnvel nauðsynlegt er að hafa virkan trúnaðarmann á vinnustaðnum.

EN AF HVERJU ÆTTU STARFSMENN AÐ KJÓSA SÉR TRÚNAÐARMANN Á SÍNUM VINNUSTAÐ?

Að vera með trúnaðarmann á vinnustaðnum er mikilvægt bæði fyrir félagsmenn stéttarfélagsins á vinnustaðnum og fyrir stjórn og starfsmenn stéttarfélagsins. Að vera með trúnaðarmann á vinnustaðnum er eins og að vera með nokkurs konar útibú frá VR á staðnum. Trúnaðarmaðurinn á fyrst og fremst að gæta þess að á vinnustaðnum séu kjarasamningar og lög virt. Eins og sagt er í 3. mgr. 9. gr. laga um réttindi stéttarfélaga og afstöðu þeirra til atvinnurekenda nr. 80/1938: „Trúnaðarmaður skal gæta þess, að gerðir vinnusamningar séu haldnir af atvinnurekanda og fulltrúum hans og að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt verkamanna."

Tilvísun í borgaralegan rétt þýðir að starfsmenn geta leitað til trúnaðarmannsins með ýmis málefni er varða vinnustaðinn, líðan þeirra þar eða aðbúnað. Þessum upplýsingum kemur trúnaðarmaðurinn nafnlaust á framfæri við stjórnendur vinnustaðarins svo ekki sé hægt að bendla ábendinguna við ákveðinn starfsmann eða starfsmenn. Trúnaðarmanninum ber síðan skylda til að koma svari eða upplýsingum við fyrsta tækifæri til þeirra sem til hans leituðu. Trúnaðarmaðurinn hefur einnig greiðan aðgang að starfsmönnum og stjórn VR og getur því komið ábendingum um gerð kjarasamninga greiðlega á framfæri frá sínum samstarfsmönnum.

Trúnaðarmaður fær upplýsingar um það sem á sér stað hjá stéttarfélaginu og miðlar því áfram til samstarfsmanna þannig að starfsmenn á

Ef trúnaðarmaður þarf að beita sér í málum fyrir hönd sinna samstarfsmanna þarf hann ekki að hafa áhyggjur af starfi sínu því hann nýtur verndar gegn uppsögn.

vinnustöðum með virkan trúnaðarmann eru oft mun betur upplýstir um það sem er að gerast en fyrirtæki sem ekki eru með trúnaðarmann. Þetta er mjög mikilvægt, sér í lagi þegar kjarasamningsviðræður eiga sér stað. Ávinningur starfsmanna af því að vera með trúnaðarmann eru því talsverðir.

AF HVERJU ÆTTI EINHVER AÐ BJÓÐA SIG FRAM TIL TRÚNAÐARMANNASTARFA?

Trúnaðarmannastarfið er fyrir alla þá sem er annt um samstarfsmenn sína. Sá sem hefur áhuga á þessu starfi en telur sig ekki hafa þekkingu á því eða á kjarasamningum og býður sig þar af leiðandi ekki fram þarf ekki að hafa áhyggjur. Það að hafa áhuga er mjög góð byrjun. VR er með öfluga fræðslu sem nýtist trúnaðarmanninum í störfum hans. Til að mynda ítarlega fræðslu um kjarasamninginn, námskeið um samskiptafærni og námskeið um trúnaðarmannastarfið svo eitthvað sé nefnt.

Verkefni trúnaðarmannsins eru fjölbreytt og fela meðal annars í sér að svara spurningum um kaffitíma, koma ábendingum til stéttarfélagsins um atriði fyrir kröfugerð vegna kjarasamninga, koma ábendingum eða kvörtunum á framfæri við atvinnurekanda, kynna fyrir samstarfsmönnum kynningarefni og skilaboð frá VR, veita upplýsingar um kjarasamninga, réttindi og skyldur og aðstoða við að koma málum í réttan farveg. Þessi upptalning er alls ekki tæmandi.

Ef upp kemur ágreiningur er trúnaðarmaður ekki dómari en honum ber skylda til að hlusta á alla sem að málinu koma og kemur upplýsingum til atvinnurekanda varðandi úrlausn málsins. Þá hefur trúnaðarmaðurinn aðgang að sérfræðingum á kjaramálasviði VR sem í flóknum málum taka við boltanum sé þess óskað. Trúnaðarmaðurinn er hlutlaus þriðji aðili og á ekki að taka afstöðu í deilumálum. Trúnaðarmaðurinn er ekki einn þar sem hann hefur aðgang að öflugu tengslaneti trúnaðarmanna á netinu. Jafnframt hefur trúnaðarmaðurinn aðgang að starfsmönnum stéttarfélagsins á opnunartíma.

Ef trúnaðarmaður þarf að beita sér í málum fyrir hönd sinna samstarfsmanna þarf hann ekki að hafa áhyggjur af starfi sínu því hann nýtur verndar gegn uppsögn þar sem óheimilt er að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna skv. 11. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Trúnaðarmaðurinn á ekki á nokkurn hátt að gjalda þess að gegna trúnaðarmannastörfum fyrir hönd stéttarfélagsins. Þá er gott að hafa í huga að í kjarasamningi segir að starfsmönnum sé heimilt að kjósa trúnaðarmann á hverjum vinnustað með fimm eða fleiri starfsmenn. Ef starfsmenn eru fleiri en 50 er heimilt að kjósa tvo trúnaðarmenn.

Nánari upplýsingar er að finna á vr.is

TRÚNAÐARMAÐURINN

ELÍN LÁRA JÓNSDÓTTIR

Aldur: 53 ára
Vinnustaður: Hvíta húsið auglýsingastofa

HVAÐ HEFURÐU UNNIÐ LENGI HJÁ ÞÍNU FYRIRTÆKI?

Ég hef unnið hér í tólf ár.

HVERSU LENGI HEFURÐU VERIÐ TRÚNAÐARMAÐUR?

Ég hef verið trúnaðarmaður í tvö ár.

HVERNIG FRÆÐSLU HEFURÐU SÓTT ÞÉR SEM TRÚNAÐARMAÐUR?

Ég hef sótt töluvert af námskeiðum og fræðslufundum sem í boði hafa verið, sérstaklega í haust og vetur í kringum styttingu vinnuvikunnar. Hef einnig tekið almenn námskeið eins og Með húmorinn að vopni, Að8sig, Aðferðir og notkun markþjálfunar o.fl.

FINNST ÞÉR ÞÚ HAFA LÆRT EITTHVAÐ AF ÞVÍ AÐ VERA TRÚNAÐARMAÐUR?

Já, töluvert og þá sérstaklega í kringum kjarabaráttuna og í kjölfarið að fá að taka þátt í að móta styttingu vinnuvikunnar með VR og mínum vinnuveitendum.

HVERNIG LEGGST STYTTING VINNUVIKUNNAR Í STARFSFÓLK OG YFIRMENN Á ÞÍNUM VINNUSTAÐ?

Mjög vel. Umræðan hófst strax í byrjun desember um það hvernig skyldi útfæra styttinguna og fann ég að fólk var ekki að átta sig á hvernig þetta kæmi til framkvæmda. Einhverjar raddir voru uppi um að það tæki því varla að stytta daginn um 9 mínútur á dag en þegar búið var að útfæra styttinguna var fólk mjög ánægt og sá þá hversu miklu þetta munar.

HVERNIG HEFUR STYTTINGIN VERIÐ ÚTFÆRÐ?

Ákveðið var í samráði við vinnuveitendur að stytta opnunartíma stofunnar á föstudögum svo við hættum klukkutíma fyrr þá daga, styttum matarhlé um korter á móti. Þessi útfærsla var samþykkt einróma og út á við sýnum við ákveðið fordæmi með þessari framkvæmd.

STAFRÆN HÆFNI

HVAR STENDUR ÞÚ?

Öryggi · Upplýsingar · Samskipti · Framkvæmd

Í febrúar höfðu rúmlega
3000 manns
tekið sjálfspróf VR
í stafrænni hæfni frá því
það opnaði í nóvember!

**Ert þú búin/n
að taka prófið?**

Kynntu þér
málið nánar á
stafraenhaefni.is

NÁMSKEIÐ FYRIR TRÚNAÐARMENN

Öll námskeið fyrir trúnaðarmenn eru haldin í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Athugið að námskeiðin eru aðeins ætluð trúnaðarmönnum VR.

TRÚNAÐARMAÐURINN – HLUTVERK OG ERFIÐU MÁLIN

25. mars kl. 9:00-12:00

Leiðbeinandi: Eyþór Eðvarðsson

Athugið að námskeiðið er aðeins ætlað trúnaðarmönnum VR

Það er algengt að leitað sé til trúnaðarmanna með hin ýmsu mál sem upp koma á vinnustöðum. Á námskeiðinu verður farið yfir hlutverk trúnaðarmannsins, hvernig hægt er að vera faglegur en jafnframt þekkja sín mörk, bæði gagnvart vinnuveitanda og starfsmönnum. Trúnaðarmönnum gefst kostur á því að taka þátt í umræðum og geta komið með mál sem þeir eru að glíma við en ekki er þörf á að vera með sérstök mál til að taka þátt. Dæmi um atriði sem eru rædd eru eineltismál, samskiptaerfiðleikar, vantraust starfsmanna á yfirmann, kynferðisleg áreitni, erfiðar og umdeildar uppsagnir og ágreiningur samstarfsmanna. Eyþór Eðvarðsson er með M.A. í vinnusálfræði og starfar sem þjálfari og stjórnendaráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun ehf.

HÁDEGISVERÐUR MEÐ NÝJUM TRÚNAÐARMÖNNUM

21. apríl kl. 12:00-13:00

Leiðbeinandi: Ragnar Þór Ingólfsson og Elva Hrönn Hjartardóttir

Athugið að námskeiðið er aðeins ætlað trúnaðarmönnum VR

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, tekur á móti nýjum trúnaðarmönnum. Farið verður yfir helstu atriði varðandi starfsemi og sögu VR auk þess sem Elva Hrönn Hjartardóttir, starfsmaður VR, mun ræða um hlutverk trúnaðarmanna. Þá mun Bryndís Guðnadóttir, forstöðumaður kjaramálasviðs, koma inn á fundinn og svara spurningum tengdum kjaramálum. Fundurinn verður haldinn í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar. Léttur hádegisverður í boði.

Nánari upplýsingar og skráning á vr.is

„ÞÚ GETUR ALDREI TAPAÐ Á ÞVÍ AÐ FARA Í NÁM“

Fyrsti hópurinn í Fagnámi í verslun og þjónustu hóf nýlega nám í Verzlunarskóla Íslands. Þátttakendur hafa allir víðtæka reynslu af verslunarstörfum og starfa hjá Lyfju, Samkaup og Húsasmiðjunni. Þessi fyrirtæki eru samtarfsaðilar og hafa tekið þátt í að móta námið. Samtals tuttugu manns eru í hópnum og er hluti af þeim á landsbyggðinni. Námið er fjarnám svo að nemendur geta sinnt því þar sem þeim hentar.

Raunfærnimat fyrir bóklega hlutann stendur nú yfir, en allir nemendur fengu einingar metnar inn í vinnustaðanámshluta námsins. Námið er alls 90 einingar, 60 í bóknámi og 30 í starfsnámi. Námið, sem er á framhaldsskólastigi, er dæmi um árangursríka samvinnu formlega og óformlega menntakerfisins við öflug fyrirtæki í verslun og mjög ánægjulegt að það skuli nú orðið að veruleika. Fjölmargir koma að náminu og má þar nefna VR, SVÞ, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA), Mími og Verzlunarskólann auk þriggja fyrirtækja í verslun: Samkaup, Lyfju og Húsasmiðjuna. VR blaðið tók mannauðs- og fræðslustjóra samstarfsfyrirtækjanna þriggja tali og forvitnaðist um hvernig þeim leist á námið og raunfærnimatið.

HVERS VEGNA TÓKU YKKAR FYRIRTÆKI ÞÁTT Í ÞRÓUNARVERKEFNINU UM FAGNÁM OG RAUNFÆRNIMAT Í VERSLUN?

Svava Þorsteinsdóttir, mannauðsstjóri Lyfju: Við höfum alltaf lagt mikla áherslu á fræðslu og starfsþróun og var því umhugað um að bæta þessu inn fyrir fólkið hjá okkur.

Gunnur Líf Gunnarsdóttir, mannauðsstjóri Samkaupa: Við leggjum mikið upp úr fræðslu og menntun starfsfólks og því passaði námið inn í þá framtíðarsýn sem við höfum á aukna þekkingu og menntun starfsfólks. Ásamt því þá lítum á þetta sem samfélagslegt verkefni og hluta af því að stuðla að frekari viðurkenningu á námi sem er í gangi í verslun.

Anna Bragadóttir, fræðslustjóri Húsasmiðjunnar: Við hjá Húsasmiðjunni þekkjum gamla Verslunarfagnámið og fannst þetta því spennandi verkefni. En svo hvatti forstjórinn okkur líka til að taka þátt.

Gunnur: Það er mikilvægt að starfsfólkið fái möguleika á starfsþróun og tækifæri til að efla virði starfsins. Með tilkomu námsins er starfinu gert hærra undir höfði og veitir einstaklingum sterkari möguleika á starfsframa í verslun.

Svava: Einmitt, við viljum fá fleiri starfsmenn til starfa sem horfa á starf í verslun sem framtíðarstarf fremur en stutt stopp, til dæmis á milli skólastiga. Þetta er fyrsta skrefið í þá átt og gefur okkur tækifæri til að gera meiri kröfur og þá einnig möguleika á að greiða hærri laun.

Gunnur: Það er jákvætt fyrir fyrirtæki að taka þátt, efla tengslin og samfélagssjónarmiðið er mikilvægt. Einnig er gaman að sjá ólíka geira sameinast.

Svava: Ég tek undir þetta. Þrátt fyrir að við séum frá ólíkum fyrirtækjum þá eru það sömu þættir sem skipta máli hjá okkur öllum, þ.e. gæði þjónustunnar og upplifun viðskiptavinarins á henni ásamt því hversu mikilvægt er að hlúa vel að starfsfólkinu og veita því tækifæri til að vaxa í starfi.

HVERNIG VORU VIÐBRÖGÐ STARFSFÓLKSINS ÞEGAR ÞIÐ KYNNTUÐ NÁMIÐ?

Anna: Mjög góð, margir spenntir og sýndu áhuga. Við fórum hringinn um landið í verslanir okkar og kynntum námið og raunfærnimatið.

Gunnur: Sama hér, við fórum um landið og kynntum þennan möguleika. Við upplifðum mikla jákvæðni, en þó voru einhverjir sem vilja bíða aðeins og sjá til. Þannig að næsti hópur verður eflaust stór.

Svava: Við fundum fyrir áhuga, en samt var einnig hik. Sumir eru ekki vissir um það hvort þeir þori í nám eða hafi það sem til þarf. Eftir raunfærnimatið höfum við séð þessa starfsmenn fá meiri trú á sjálfum sér og aukið sjálfstraust. Þá rennur upp fyrir þeim: „Ég get meira en ég hélt!“ Einnig segja þau: „Ég gerði ekkert, geri bara það sem ég geri í vinnunni alla daga.“ Þau taka þekkingunni sem sjálfsögðum hlut.

Gunnur: Já, þvílík sjálfsefling.

HVAÐ ER MIKILVÆGAST FYRIR FAGMENN Í VERSLUN AÐ KUNNA OG VERA GÓÐIR Í?

Allar þrjár eru sammála um að það sé að veita góða þjónustu og hæfni í mannlegum samskiptum.

Námið styður við þessar breytingar (á störfum verslunarfólks) þar sem mannlegi þátturinn, þ.e. starfsmaðurinn, gegnir sífellt mikilvægara hlutverki meðfram tækniframförum og stafrænni þróun.

Frá vinstri: Gunnur Líf Gunnarsdóttir, mannauðsstjóri Samkaupa, Svava Þorsteinsdóttir, mannauðsstjóri Lyfju og Anna Bragadóttir, fræðslustjóri Húsasmiðjunnar.

Gunnur: Einnig er mikilvægt að vera ófeimin/n við að nálgast viðskiptavininn.

Svava: Til að veita góða þjónustu verður þú að hafa góða vöruþekkingu og gaman að mannlegum samskiptum. Með þetta tvennt í farteskinu er auðvelt að þróa með sér góða sölutækni sem oftar en ekki felst í því að hlusta á viðskiptavininn, greina þarfir hans og bjóða síðan viðeigandi þjónustu.

Anna: Við erum sérfræðingarnir í verslunum okkar. Viðskiptavinurinn veit oft ekki hvað hann þarf að kaupa og er það því okkar að komast að því með viðskiptavininum. Það er fagmennska.

Gunnur: Þetta er kúnst, þeir sem gera þetta vel gera það mjög vel. Þú færð góða þjónustu margfalt til baka.

ERU STÖRFIN Í VERSLUN OG ÞJÓNUSTU AÐ BREYTAST AÐ YKKAR MATI?

Allar þrjár eru alveg sammála um að svo sé og nefna sérstaklega sjálfvirknivæðinguna.

Gunnur: Verslunin er að hverfa úr stöðlum og endurtekningu yfir í að veita góða þjónustu, fólk er að kalla eftir meiri þjónustu og með því þarf góða þekkingu.

Svava: Fólk gerir meiri kröfu um þekkingu starfsmanna, fólk er þá búið að skoða á netinu og kemur í verslanirnar undirbúið með allskonar spurningar.

Gunnur: Já og vill dýpri þekkingu.

Anna: Viðskiptavinir vilja faglega þekkingu fyrr og strax.

Gunnur: Í stórmarkaði þarf starfsfólk t.d. að vita að appelsínurnar eru upp á sitt besta núna og nýkomnar frá Spáni, en svo er það einhver annar ávöxtur sem er upp á sitt besta í næsta mánuði.

Svava: Þetta nám styður við þessar breytingar þar sem mannlegi þátturinn, þ.e. starfsmaðurinn, gegnir sífellt mikilvægara hlutverki meðfram tækniframförum og stafrænni þróun.

Anna: Svo er vefverslun að koma meira inn.

Við græðum öll á þessu, starfsfólk og fyrirtæki. Við erum bara í lærdómsferli, en það er þannig með að fara í nám að það kemur enginn út í tapi.

Gunnur: Starfsfólk sem er að afgreiða pöntun úr vefverslun þarf að kunna að setja ofan í körfuna, ekki að setja eitthvað í körfuna sem það sjálft myndi ekki kaupa. Þarna er þjálfun lykilatriði til að halda góðum gæðum. Mögulega færumst við áfram og þá er bara er spurning hvenær þetta fer í það að starfsmaðurinn kemur og raðar inn í ísskápinn fyrir þig.

Anna: Við erum að þjálfa fólkið okkar í að veita betri þjónustu.

MYNDUÐ ÞIÐ MÆLA MEÐ ÞVÍ VIÐ ÖNNUR FYRIRTÆKI AÐ TAKA ÞÁTT Í VERKEFNINU OG BJÓÐA SÍNU STARFSFÓLKI AÐ FARA Í FAGNÁMIÐ OG RAUNFÆRNIMATIÐ?

Gunnur: Já klárlega, en það er mikilvægt að vinna grunninn vel. Byggja upp öfluga fræðslu og er námið frábær viðbót við það og afar mikilvægt ef við horfum til þess að efla styrkinn í verslun og þjónustu á Íslandi. Virði námsins mun aukast því fleiri sem viðurkenna það og átti sig á hve mikið það mun gefa starfsmanninum til framtíðar.

Svava: Fyrir þau fyrirtæki sem hafa metnað fyrir því að gera vel í þjónustu þá hjálpar þetta þeim að efla starfsmenn sína og auka færni þeirra, sem skilar sér síðan í betri þjónustu, ánægðari starfsmönnum og betri rekstrarlegum árangri.

Allar þrjár eru sammála um það að þetta er verkefni til framtíðar.

Anna: Já, mæli klárlega með því að önnur fyrirtæki taki þátt í þessu verkefni. Það er gaman að því að við erum að að koma úr svo mismunandi tegundum verslunar á Íslandi og það er vel pláss fyrir fleiri. Hvet fyrirtæki til að taka þátt.

Gunnur: Þátttaka í svona verkefni er ekki síst fyrir fólkið. Hvort sem það er innan okkar fyrirtækis eða annars staðar.

HVER ER LÆRDÓMURINN AF ÞÁTTTÖKU Í SVONA VERKEFNI?

Gunnur: Mér finnst ég hafa lært af samstarfinu með því að setjast niður og fara yfir námskrárnar með hinum fyritækjunum og einnig að kynnast því að vinna með Verzlunarskólanum. Við erum búin að búa til tengsl sem mun hjálpa okkur í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. Nú get ég hringt í Svövu, Önnu eða Eddu (mannauðsstjóra Húsasmiðjunnar) og spurt að einhverju sem okkur vantar aðstoð við.

Svava: Þetta verður sterkt teymi. Þetta er svo frábært verkefni og hefur komið manni á óvart hverju þetta er að skila.

Anna: Helsti lærdómurinn var að hitta hin fyrirtækin og gaman að sjá að þrátt fyrir ólíkar vörur og þjónustuþarfir viðskiptavina okkar fyrirtækja þá vorum við allar á svipuðum stað hvað varðar fræðslu innan fyrirtækjanna og áherslur í fræðslu. Gaman af því.

Svava: Mannauðsdeildir eru oft svo litlar deildir og þá er gott að geta leitað ráða annars staðar.

HVERJU HEFUR ÞÁTTTAKA Í VERKEFNINU SKILAÐ STARFSFÓLKINU HJÁ YKKUR?

Svava: Námið er rétt að hefjast þannig að eins og er þá hefur það skilað auknu sjálfstrausti, en til framtíðar mun það skila miklu, miklu meira.

Gunnur: Líka hjá okkur, þetta er vitundarvakning sem hefur átt sér stað í fyrirtækinu og þessir 11 þátttakendur eru búnir að stimpla sig inn.

Anna: Mér finnst þetta hafa veitt mínu fólki aukinn drifkraft til að efla sig í lífi og starfi, ekki bara fyrir hópinn sem er að fara í gegnum námið heldur líka nemendur framtíðarinnar hér úr Húsasmiðjunni því margir hafa verið að forvitnast um námið síðan við byrjuðum ferlið. Við græðum öll á þessu, starfsfólk og fyrirtæki. Við erum bara í lærdómsferli, en það er þannig með að fara í nám að það kemur enginn út í tapi.

Svava: Þú getur aldrei tapað á því að fara í nám.

Nánari upplýsingar um námið er að finna á **starfsmennt.is**

EKKI GLEYMA ÞÉR!

Ertu að sækja um starf? Veistu hvernig fyrirtækið kemur út í könnun VR á Fyrirtæki ársins? Könnunin 2020 er hafin og stendur fram í miðjan mars. Þú getur svarað könnuninni á Mínum síðum á vef VR.

HVERNIG ER FYRIRTÆKI ÁRSINS VALIÐ?

VR hefur kannað aðbúnað félagsmanna sinna og viðhorf þeirra árlega í meira en tvo áratugi. Allir félagsmenn VR fá senda könnun um fyrirtæki ársins en fjöldi fyrirtækja tryggir að auki öðrum starfsmönnum sínum þátttökurétt í könnuninni, óháð því í hvaða stéttarfélagi þeir eru. Í ár fá allir starfsmenn 130 fyrirtækja tækifæri til að taka þátt og er könnunin því send til um 40 þúsund starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Könnun VR á Fyrirtæki ársins er þannig ein viðamesta vinnumarkaðskönnun sem gerð er á Íslandi.

Í könnuninni er spurt um viðhorf til níu lykilþátta í starfsumhverfi svarenda. Þættirnir eru stjórnun fyrirtækisins, starfsandi á vinnustaðnum, launakjör, vinnuaðstaða, sveigjanleiki í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækisins, jafnrétti og að síðustu ánægja og stolt af vinnustaðnum. Gefin er einkunn fyrir hvern lykilþátt og saman mynda þær heildareinkunn fyrirtækis. Vægi þáttanna í heildareinkunninni er misjafnt, viðhorf til stjórnenda fyrirtækisins vegur þar þyngst. Ítarleg umfjöllun um þættina og þróun þeirra er á vefsíðu VR, www.vr.is.

FIMMTÁN FYRIRTÆKI FÁ TITILINN FYRIRTÆKI ÁRSINS

Fyrirtækjum er skipt í þrjá flokka eftir stærð, stærstu fyrirtækin eru þau sem eru með 70 starfsmenn eða fleiri, hjá næststærstu fyrirtækjunum eru starfsmenn frá 30 til 69 talsins og hjá þeim minnstu eru starfsmenn færri en 30. Fimm efstu fyrirtækin í hverjum stærðarflokki fá titilinn Fyrirtæki ársins, alls fimmtán fyrirtæki. Fyrirtækin í fimmtán efstu sætunum fá viðurkenninguna Fyrirmyndarfyrirtæki. Eingöngu fyrirtæki sem tryggja öllum starfsmönnum sínum þátttökurétt koma til greina í vali á Fyrirtæki ársins.

EKKI BARA VAL Á ÞEIM BESTU

Könnunin veitir starfsmönnum vettvang til að tala við stjórnendur sinna vinnustaða, hrósa því sem vel er gert en benda jafnframt á það sem þarf að laga. Niðurstöðurnar eru þannig mælikvarði á frammistöðu stjórnenda fyrirtækja og nýttar til að veita þeim fyrirtækjum sem standa sig vel í mannauðsmálum viðurkenningu fyrir vel unnin störf. Könnunin sýnir hver staða fyrirtækisins er í augum starfsmanna og í samanburði við önnur fyrirtæki á vinnumarkaði.

En niðurstöður í könnun VR á Fyrirtæki ársins eru meira en bara viðurkenning til fyrirtækja. Þær gefa félagsmönnum og starfsmönnum á almenna vinnumarkaðnum almennt upplýsingar um starfskjör í fyrirtækjum og viðhorf starfsmanna þeirra sem og þróun á vinnuaðstæðum. Þær gefa VR einnig dýrmætar upplýsingar um hvar hallar á félagsmenn og hvernig kjarabaráttan hefur skilað árangri. Niðurstöður könnunarinnar eru mikilvægt innlegg í kjaraviðræður og renna fleiri stoðum undir starfsemi og þjónustu félagsins.

VILTU VINNA IPHONE 11?

Taktu þátt í könnuninni um Fyrirtæki ársins 2020 og þú gætir unnið glæsilega vinninga! Þú færð að vita strax hvort þú hefur unnið en meðal vinninga eru rafmagnshlaupahjól, gjafabréf hjá Icelandair, gjafabréf hjá Nordica og hátíðarpassar á Þjóðhátíð. Rúsínan í pylsuendanum eru þrír Iphone 11 en þeir vinningar verða dregnir út í lok könnunarinnar. Það margborgar sig að taka þátt í Fyrirtæki ársins 2020!

NÝJAR NÁMSLEIÐIR FYRIR VERSLUNARFÓLK

Þrjú þróunarverkefni eru að líta dagsins ljós en um er að ræða þrjár námslínur í verslun og þjónustu sem unnar hafa verið að frumkvæði Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks, Starfsmenntanefndar VR og Samtaka verslunar- og þjónustu. Námslínurnar þrjár henta ólíkum markhópum og á ólíkum skólastigum.

A VIÐSKIPTABRAUT STAFRÆN VIÐSKIPTALÍNA

Eftirspurn eftir fagfólki með þekkingu á stafrænum lausnum er að aukast í atvinnulífinu og brugðið var á það ráð að þróa nýja braut til stúdentsprófs sem myndi undirbúa ungt fólk fyrir slík verkefni. Afrakstur inn er ný stafræn lína í viðskiptafræði til stúdentsprófs hjá Verzlunarskóla Íslands. Brautin er unnin í náinni samvinnu Verzlunarskólans við brautryðjandi fyrirtæki í þjónustu á vef og í stafrænum lausnum.

Fyrsti hópur hóf nám í ágúst 2019.



B FAGNÁM OG RAUNFÆRNIMAT VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU

Það er sameiginlegur vilji VR/LÍV og fulltrúa fyrirtækja í verslun og þjónustu að bregðast þurfi við hröðum breytingum á vinnumarkaði með því að auka möguleika til menntunar og þjálfunar í greininni. SVS þróaði því nýtt fagnám og raunfærnimat fyrir starfandi verslunarfólk í samstarfi við Verzlunarskóla Íslands, Mími og fleiri aðila.

Námið er 90 einingar og er blanda af fjarnámi og vinnustaðanámi í fyrirtækjum. Umsækjendum stendur til boða að fara í raunfærnimat hjá Mími þar sem kunnátta og hæfni hvers og eins er metin til eininga á móti kenndum áföngum. Þannig fá einstaklingar með starfsreynslu og hæfni slíkt metið til eininga og styttingar á námi sínu. Markmið námsins er meðal annars að nemendur auki þekkingu sína og færni á vinnustað, þjálfist í að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu og geti stýrt verkefnum í verslun í samræmi við skipulag og áætlanir.

Þeir sem hafa áhuga á að klára stúdentspróf og halda áfram námi geta nýtt allar 90 einingarnar hjá Verzlunarskólanum og klárað stúdentspróf í fjarnámi hjá skólanum.

Fyrsti hópur hóf nám í janúar 2020.

C DIPLÓMANÁM Í VIÐSKIPTAFRÆÐI OG VERSLUNARSTJÓRNUN

Árið 2018 hóf fyrsti hópur nám hjá bæði Háskólanum á Bifröst og Háskólanum í Reykjavík en skólarnir eru samstarfsaðilar um Diplómanámið. Námið er fyrsta námsleiðin sem SVS, VR og SVÞ þróuðu með það að markmiði að hefja störf í verslun og þjónustu til vegs og virðingar. Áfangar og uppbygging námsins var þróuð í góðu samstarfi við lykilfyrirtæki í verslun og þjónustu. Ný sérsniðin námskeið eru kennd í náminu og heita þau Kaupmennska, Birgðastjórnun og Verslunarréttur. Námið telur 60 ECTS-einingar og tekur tvö ár með vinnu. Hægt er að halda áfram í námi í viðskiptafræði til BS-gráðu, bæði við Háskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík eftir útskrift úr Diplómanáminu.

Fyrsti hópur útskrifaðist í febrúar síðastliðnum.

Sjá nánari upplýsingar um námsleiðirnar og raunfærnimat á **starfsmennt.is**

A

Viðskiptabraut stafræn viðskiptalína

Stúdentsprófsbraut í verslun og stafrænum lausnum

B

Fagnám og raunfærnimat verslunar og þjónustu

Fagnám á framhaldsskólastigi fyrir starfandi verslunarfólk

C

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun

Fagháskólanám fyrir verslunarstjóra

HÁDEGISFYRIRLESTRAR FYRIR FÉLAGSMENN VR VOR 2020

Hádegisfyrirlestrar VR eru haldnir í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Félagsmönnum VR víðsvegar um landið býðst að horfa á áhugaverða fyrirlestra í streymi, eigi þeir ekki heimangengt. Hægt er að skrá sig á streymisþjónustu fyrir hvern fyrirlestur í atburðadagatali á vr.is. Skráning á hádegisfyrirlestra er á vr.is

LÍFSREGLURNAR 6

19. mars kl. 12:00-13:00

Fyrirlesari: Bergsveinn Ólafsson

Lífið er fullt af erfiðleikum og áskorunum en á sama tíma er lífið ævintýri með fullt af tækifærum. Í fyrirlestrinum fer Beggi yfir 6 lífsreglur sem styðja einstaklinga í vegferð í átt að betra, árangursríkara, merkingarfyllra og hamingjusamara lífi. Einstaklingar geta hagnýtt reglurnar til að takast á við erfið verkefni, eflast persónulega, vaxa í vinnunni eða hafa góð áhrif á samböndin í lífi sínu. Þú ert nefnilega ekki allt sem þú getur orðið. Þú getur alltaf bætt þig og haldið áfram að læra því lífi hættir aldrei að kenna. Bergsveinn, eða Beggi eins og hann er oftast kallaður, er með BSc í sálfræði og stundar mastersnám í jákvæðri sálfræði og þjálfunarsálfræði. Hann vinnur sjálfstætt samhliða námi með einstaklingum og hópum við þjálfunarsálfræði en hann hefur mikla reynslu úr íþróttum. Léttur hádegisverður í boði.

SPJALLAÐ VIÐ FORMANNINN

28. apríl kl. 12:00-13:00

Fyrirlesari: Ragnar Þór Ingólfsson

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, tekur á móti félagsmönnum. Á þessum fundi ætlar hann að fara yfir allt það helsta sem er á döfinni í málefnum VR og kjaramálum. Eftir það verður opnað fyrir fyrirspurnir þar sem Ragnar mun sitja fyrir svörum og ræða málin við félagsmenn. Fundurinn verður haldinn í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar. Léttur hádegisverður í boði.

HVERNIG ÞEKKJA TÆKNIRISAR OKKUR OFT BETUR EN VIÐ SJÁLF?

20. maí kl. 12:00-13:00

Fyrirlesari: Þór Matthíasson

Hvernig veit Facebook-auglýsing að mig langar að fara til Balí ef ég hef aldrei sagt nokkrum manni frá ferðadraumunum? Og eftir að hafa keypt ferðina mína til Balí; hvernig stendur á því að ég fæ auglýsingu á YouTube fyrir sólarvörn? Eru þessir miðlar að njósna um mig eða liggur meira að baki? Í þessum fyrirlestri fer Þór Matthíasson, þróunarstjóri hjá Svartagaldri og sérfræðingur í stafrænni auglýsingamiðlun, yfir það hvernig stendur á því að samfélagsmiðlarnir Facebook, Twitter og Linkedin, ásamt Google, Amazon og öðrum tæknirisum þekkja okkur oft betur en við sjálf. Virkilega áhugaverður fyrirlestur sem svarar spurningunni: „Hvernig getur Facebook vitað allt þetta og hvar endar þetta?“ Léttur hádegisverður í boði.

HVERNIG VIRKAR STARFSMENNTASJÓÐUR VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS?

EINSTAKLINGSSTYRKIR

STARFSMENNTASTYRKUR

90% af skráningargjaldi – hámark 130.000 kr. á ári.

- Starfstengd námskeið.
- Starfstengd netnámskeið.
- Almennt nám til eininga.
- Nám/námskeið sem veita aukin starfsréttindi.
- Tungumálanámskeið.
- Sjálfstyrkingarnámskeið innanlands (sem er ekki hluti af meðferðarúrræði).
- Ráðstefnur sem tengjast starfi umsækjanda.
- Stjórnendaþjálfun/starfstengd markþjálfun.

FERÐASTYRKUR

50% af fargjaldi – hámark 40.000 kr. á ári.
Dregst frá hámarksstyrk.

- Þegar félagsmaður þarf að ferðast meira en 50 km til þess að komast frá heimili til fræðslustofnunar getur hann sótt um ferðastyrk.

TÓMSTUNDASTYRKUR

50% af námskeiðsgjaldi – hámark 30.000 kr. á ári.
Dregst frá hámarksstyrk. Hefur ekki áhrif á uppsöfnun.

- Námskeið sem hafa skilgreint upphaf, endi og leiðbeinanda.
- Aðeins er hægt að sækja um styrk vegna tómstundanámskeiða sem haldin eru innanlands.

FYRIRTÆKJASTYRKIR

STYRKIR VEGNA NÁMSKEIÐAHALDS

Fyrirtæki með starfsmenn sem eru félagsmenn VR/LÍV geta sótt um styrk vegna náms og fræðslu starfsmanna.

LÆKKAÐ IÐGJALD

Fyrirtæki með starfsmenn innan VR/LÍV geta sótt um lækkun á greiddu iðgjaldi til sjóðsins úr 0,3% í 0,1%.

FRÆÐSLUSTJÓRI AÐ LÁNI

Fræðslustjóri að láni er árangursmiðað verkfæri sem miðar að því að samhæfa og nýta lausnir sem þegar eru til. Verkefnið byggist á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja, sérhæfðum í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun.

SAMEIGINLEGUR STYRKUR EINSTAKLINGA OG FYRIRTÆKJA

Félagsmanni og fyrirtæki gefst kostur á að sækja um sameiginlegan styrk til sjóðsins ef nám félagsmanns kostar 200.000 kr. eða meira. Þá er réttur einstaklings og réttur fyrirtækis nýttur á móti hvor öðrum. Umsókn er afgreidd eftir reglum sjóðsins um starfstengda styrki.

HVAR SÆKI ÉG UM STYRK Í STARFSMENNTASJÓÐ?

EINSTAKLINGAR
Í gegnum **Mínar síður á vr.is** eða hjá þínu stéttarfélagi ef þú ert í félagi innan LÍV.

FYRIRTÆKI
Í gegnum **attin.is** sem er sameiginleg umsóknargátt nokkurra starfsmenntasjóða.

Nánari upplýsingar er að finna á starfsmennt.is

ORLOFSHÚS VR

Fyrsta orlofshús VR var tekið í notkun í Ölfusborgum árið 1965. Nú eru alls 73 hús í eigu VR og leigir félagið að jafnaði um 20 hús að auki yfir sumarmánuðina. Upplýsingar um þau hús eru jafnóðum birtar á vef VR. Markmiðið er að auðvelda félagsmönnum að njóta orlofs og hvíldar. Leitast er eftir fremsta megni að koma til móts við þarfir félagsmanna með bættri þjónustu.

VINSÆL GÆLUDÝRAHÚS

Í dag er leyfilegt að vera með gæludýr í 19 húsum VR.

- Flúðir – hús nr. 29 og 30
- Miðhúsaskógur – hús nr. 1-8, 24 og 25
- Lækjarbakki – hús nr. 21
- Húsafelli – hús nr. 9, 10 og 12
- Hellishólar – hús nr. 16
- Holtaland á Akureyri – hús nr. 4 og 6
- Gæludýr eru leyfð á tjaldsvæði VR í Miðhúsaskógi
- Annars staðar eru gæludýr ekki leyfð.
- Lausaganga gæludýra er með öllu óheimil á orlofssvæðum VR. Virðið reglur varðandi gæludýr og takið tillit til annarra.
- Reykingar eru ekki leyfðar í orlofshúsum VR. Á öllum húsum VR eru stubbahús sem gestum ber að nota.

UMHVERFIÐ

VR hefur sett sér stefnu í umhverfismálum og stefnir að því að vera til fyrirmyndar á þeim vettvangi. Stefnan kveður m.a. á um að taka skuli tillit til hagkvæmrar notkunar aðfanga, endurnýtingar efnis og tækjabúnaðar þar sem það á við og ábyrgrar förgunar á úrgangi. Við hvetjum því gesti orlofshúsa okkar til að nýta þær flokkunarleiðir sem í boði eru og/eða taka rusl með heim og skila því á flokkunarstöðvar.

REGLUR ORLOFSHÚSA VR

- Húsið er leigt með húsgögnum, eldhúsbúnaði og öðrum lausamunum.
- Leigjandi ber ábyrgð á öllum búnaði hússins meðan á leigutíma stendur og skuldbindur sig til þess að bæta tjón sem verða kann af hans völdum eða þeirra sem dvelja á hans vegum í húsinu á leigutíma.
- Leigjandi skal ganga vel um hús og umhverfi, þrífa húsið við brottför og sjá um að hver hlutur sé á sínum stað. Sé því ábótavant áskilur VR sér rétt til að innheimta sérstakt gjald fyrir þrif.
- Leigjandi skal skila af sér orlofshúsi á uppgefnum tíma skv. samningi.
- Leigjandi þarf að hafa með sér handklæði, sápu, viskastykki, sængurver, lök og koddaver.
- Dvalargestir eru beðnir um að forðast hávaða með bílaumferð á orlofshúsasvæðinu og taka tillit til annarra gesta.
- Leigjandi skal ganga vel um staðinn og gæta þess að spilla ekki gróðri eða landi á nokkurn hátt.

ALMENNAR REGLUR

Hafi orlofshúsið ekki verið nýtt á leigutímanum er ekki hægt að fá leigugjaldið endurgreitt eftir á.

Orlofshús eru ekki leigð til félagsmanna yngri en 20 ára og er miðað við árið sem þeir verða 21 árs.

Ef inneign í VR varasjóði er notuð til að greiða fyrir leigu á orlofshúsi er hún undanþegin staðgreiðsluskyldu skatta, að því hámarki sem er í gildi hverju sinni samkvæmt skattmati hvers árs.

Framleiga á orlofseignum VR er með öllu óheimil. Félagsmaður sem skráður er leigjandi ber fulla ábyrgð húsnæðisins á meðan það er í leigu á hans nafni.

KOMU- OG BROTTFARATÍMAR

Vetrartímabil orlofshúsa VR er frá 31. ágúst til 28. maí. Á þeim tíma er komutími kl. 16.00 og brottför kl. 12 nema sunnudaga kl. 19.00.

Sumartímabilið er frá 29. maí. til 30. ágúst. Á þeim tíma er komutími kl. 17.00 og brottför kl. 12.00 nema sunnudaga kl. 19.00.

ELDRI FÉLAGSMENN ATHUGIÐ!

Félagsmenn 67 ára og eldri frá 20% afslátt af leigu.



ALLSHERJAR-ATKVÆÐAGREIÐSLA Í VR 2020

Allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna VR vegna kjörs stjórnar VR kjörtímabilið 2020-2022 hefst kl. 9.00 mánudaginn 9. mars 2020 og lýkur kl. 12.00 á hádegi föstudaginn 13. mars 2020. Atkvæðagreiðslan er rafræn.

HVERJIR HAFA ATKVÆÐISRÉTT?

Atkvæðisrétt í kosningunum hafa allir fullgildir VR-félagar. Á kjörskrá eru einnig eldri félagsmenn (hættir atvinnuþátttöku vegna aldurs) sem greiddu eitthvert félagsgjald á 67. aldursári og höfðu greitt a.m.k. 50 mánuði af 60 á síðustu fimm árum áður en þeir urðu 67 ára.

UPPLÝSINGAR TIL ATKVÆÐISBÆRRA FÉLAGSMANNA

Allir atkvæðisbærir félagsmenn fá sendar upplýsingar í tölvupósti um hvernig atkvæðagreiðslan fer fram. Upplýsingarnar verða einnig aðgengilegar á Mínum síðum. Aðgangur að rafrænum atkvæðaseðli er frá vef VR. Þeir sem ekki hafa aðgang að atkvæðaseðli en telja sig eiga rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslunni geta sent erindi til kjörstjórnar á netfangið kjorstjorn@vr.is eða í pósti til Kjörstjórnar VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, fyrir lok kjörfundar. Kærufrestur er til loka kjörfundar.

HVERNIG Á AÐ KJÓSA?

Til að kjósa ferðu á vef VR, www.vr.is, smellir á Kosningar í VR 2020-2022 og skráir þig inn með Íslykli eða rafrænum skilríkjum. Þá opnast atkvæðaseðill í nýjum vafra og upplýsingar um hvernig þú átt að bera þig að við að greiða atkvæði. Ef þú ert ekki með Íslykil eða rafræn skilríki getur þú sótt um á island.is.

Rétt er að benda á að úthlutun sæta í stjórn á grundvelli niðurstöðu kosninganna fer fram með svokallaðri fléttuaðferð, þ.e. karlar og konur raðast til skiptis í sætin. Sjá nánar á bls. 21 þar sem 20. grein laga VR um kosningu til trúnaðarstarfa er birt í heild sinni.

FRAMBJÓÐENDUR

Kosið er á milli 13 frambjóðenda til 9 sæta í stjórn og þriggja í varastjórn. Kynning á frambjóðendum er hér í blaðinu og á vef félagsins, vr.is.

VOTING FOR THE POSITIONS OF BOARD MEMBERS

VR will hold a secret ballot to elect board members for VR for the term 2020-2022. The voting will begin at 9.00 AM 9th March 2020 and will end at 12.00 noon on 13th March 2020.

WHO IS ENTITLED TO VOTE?

All VR members in good standing are entitled to vote. Also entitled to vote are senior members (retired) who paid some dues in their 67th year and paid dues for at least 50 of the 60 months from age 62 to 67. Access to electronic ballot papers is via the VR website. If you believe you are entitled to vote but do not have access to the ballot papers, please send a complaint to the VR election committee, VR, Kringlunni 7, 103, Reykjavík or by e-mail to VR's election committee kjorstjorn@vr.is, before the end of voting.

HOW TO VOTE?

The voting is electronic via the VR website, www.vr.is, please choose the button Elections in VR 2020-2022 (Kosningar í VR 2020-2022). To access the ballot papers you need either an Icekey (Íslykill) og E-Certificate (Rafræn skilríki), which you can apply for on the website island.is. Once you have logged on you will be directed to the ballot.

Members are also welcome to cast their votes at the offices of VR in Reykjavík, Vestmannaeyjar, Akranes, Selfoss and Egilsstaðir during the election. The votes will be counted as soon as voting ends.

FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR VR Í STAFRÓFSRÖÐ/ CANDIDATES FOR THE EXECUTIVE BOARD IN ALPHABETIC ORDER:

Arnþór Sigurðsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Friðrik Boði Ólafsson
Fríða Thoroddsen
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Selma Björk Grétarsdóttir
Sigmundur Halldórsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Þorvarður Bergmann Kjartansson
Þórir Baldvin Hrafnsson
Þórir Hilmarsson

Nánari upplýsingar um kosningar VR eru á vr.is
For further information please visit the VR website vr.is (in Icelandic only).

ÚR LÖGUM VR UM KOSNINGAR

20.1. UM KOSNINGU FORMANNS OG STJÓRNAR

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarmenn sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

20.2. UM KOSNINGU Í TRÚNAÐARRÁÐ

Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn. Missi trúnaðarráðsmaður hæfi til setu í ráðinu sbr. 3. mgr. 11. gr. á fyrsta ári kjörs hans, skal í næstu kosningu til trúnaðarráðs fjöldi fulltrúa á framboðslista vera aukinn umfram 41 sem nemur þeim fjölda sem misst hefur hæfi. Þeir sem bætast þannig við framboðslistann skulu þó aðeins vera í kjöri til eins árs.

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í dagblöðum og á vefsíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal Uppstillinganefnd gera tillögu um fulltrúa til setu á listanum sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar.

Hafi fleiri gefið kost á sér en sætin sem skipa á skal listinn borinn upp í trúnaðarráði til samþykktar. Sá sem gefið hefur kost á sér en ekki fengið sæti á listanum getur krafist þess að kosið verði um frambjóðendur á fundi trúnaðarráðs.

20.3. UM FRAMKVÆMD KOSNINGA

Kjörstjórn úrskurðar um lögmæti framboða.

Kjörstjórn sér um og tekur ákvarðanir um framkvæmd kosninga. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti ein vika.

Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.

Við framboð lista til trúnaðarráðs skal liggja fyrir skriflegt samþykki allra þeirra sem á listanum eru.

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 1% félagsmanna.

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum. Kjörstjórn úrskurðar um hæfi og kjörgengi allra frambjóðenda og auglýsir að því loknu upphaf atkvæðagreiðslu sbr. reglugerð ASÍ um leynilega allsherjaratkvæðagreiðslu. Úrskurðir kjörstjórnar eru endanlegir.

Kosning skal fara fram innan 6 vikna frá því að framboðsfrestur rennur út.

Kosningum til trúnaðarstarfa í félaginu skal lokið eigi síðar en 15. mars ár hvert.

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kjördags. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá skal haldinn kynningarfundur meðal félagsmanna með frambjóðendum fyrir kjördag, krefjist einn eða fleiri frambjóðendur þess. Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

20.4. UM KJÖRSEÐLA OG RÖÐUN Á LISTA

VIÐ KOSNINGU TIL STJÓRNAR:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrófsröð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.

VIÐ KOSNINGU TIL TRÚNAÐARRÁÐS:

Séu fleiri listar en listi stjórnar og trúnaðarráðs skal merkja listana með bókstaf hvern fyrir sig í þeirri röð sem þeir berast. Nöfnum á hverjum lista skal raðað í stafrófsröð. Sé á fundi trúnaðarráðs kosið milli einstaklinga sem skipa skulu listann sbr. 5. mgr. 20. gr. 2, skal nöfnum raðað á kjörseðil í stafrófsröð.

Arnþór Sigurðsson

Fæðingardagur og ár
9. apríl 1966

Félagssvæði
Reykavík og nágrenni

Netfang
addisig@simnet.is

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Forritari hjá Prógramm ehf. Ég hef unnið ýmis störf í matvælaiðnaði, bæði í kjötvinnslum og verslun. Söðlaði síðan um og hóf störf í tölvugeiranum. Hef starfað sem forritari hjá Prógramm ehf. Síðastliðin níu ár. Er menntaður kjötiðnaðarmaður og var jafnframt við nám á tölvubraut Iðnskólans í Reykjavík ásamt því að sitja nokkur námskeið við Háskólann í Reykjavík í tölvunarfræði.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Reynsla mín af félagsstörfum er margvísleg. Þegar ég var í iðnnámi tók ég virkan þátt í kjarabaráttu iðnnema, bæði með félögum mínum í Iðnnemasambandinu og jafnframt á mínum vinnustað. Eftir iðnnámið hélt ég áfram þátttöku í kjaramálum með Félagi íslenskra kjötiðnaðarmanna í nokkur ár. Einnig hef ég starfað innan íþróttahreyfingarinnar, sem sjálfboðaliði og setið í stjórn frjálsíþróttadeildar Breiðabliks, var formaður Frjálsíþróttasambands Íslands í tvö ár og sat í aðalstjórn Breiðabliks. Af öðrum félagsstörfum þá hafa sveitarstjórnarmál tekið drjúgan tíma síðustu árin. Þar hef ég haft tækifæri til þess að kynnast margvíslegum nefndarstörfum á vegum Kópavogsbæjar. Lengst af hef ég setið í Félagsmálaráði Kópavogsbæjar og síðar í Velferðarráði Kópavogsbæjar ásamt því að taka sæti sem varamaður í bæjarstjórn Kópavogs og bæjarráði Kópavogs. Síðust tvö ár hef ég setið í stjórn VR og tekið þátt í ýmislegu nefndarstarfi á vegum VR.

HELSTU ÁHERSLUR

Að standa vörð um réttindi og hagsmuni allra félagsmanna. Enn frekari stytting vinnuvikunnar. Launamun kynjanna verður að útrýma. Lægstu laun verði miðuð við að fólk geti lifað með reisn í samfélaginu. Hækkun persónuafsláttar. Gerður verði samfélagssáttmáli verkalýðshreyfingarinnar um að útrýma fátækt í landinu. Að lífeyrissjóðir fjárfesti í samfélagsverkefnum en ekki í bara atvinnulífinu. Að lífeyrissjóðirnir verði markvisst dregnir út úr fjárfestingum í íslensku atvinnulífi. VR á að halda áfram að vinna ötullega í húsnæðismálum með öðrum verkalýðsfélögum og skapa þannig heilbrigðan leigumarkað fyrir almenning með lágmarksávöxtun. Barist verði fyrir því að húsnæðisverð verði fjarlægt út úr vísitölum. Ég er ánægður með forystu Ragnars Þórs Ingólfssonar formanns VR. Hann hefur blásið nýju lífi í verkalýðshreyfinguna og ég er spenntur fyrir því að taka þátt í bylgjunni sem hann hefur ýtt af stað.

Bjarni Þór Sigurðsson

Fæðingardagur og ár
4. september 1958

Félagssvæði
Reykavík og nágrenni

Netfang
bjarnithor@me.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég starfa sem deildarstjóri verðþróunar hjá miðlum Sýnar/Vodafone, Stöð2, Bylgjunni og vefmiðlinum Vísi. Ég hef unnið við fjölmiðla síðastliðin 12 ár, lengst af sem sölu- og verkefnastjóri hjá vefmiðlinum Vísi en áður vann ég meðal annars fyrir RÚV. Þar áður var ég sjálfstætt starfandi í kvikmyndagerð en ég nam kvikmyndagerð í París. Ég lauk rekstrar- og viðskiptanámi við EHÍ árið 2007 og diplómanámi í viðskiptafræði við HÍ árið 2010.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið félagi í VR á þriðja áratug. Ég var kjörinn í trúnaðarráð VR árið 2009, var trúnaðarmaður hjá 365 í nokkur ár og varamaður í stjórn VR á árunum 2010-12. Ég hef setið í stjórn VR frá árinu 2012 og var varaformaður VR á árunum 2013 til 2017. Ég hef sinnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir VR. Ég hef setið í stjórn Bjargs íbúðarfélags frá stofnun þess árið 2016 og í stjórn Lífeyrisjóðs verslunarmanna frá 2019. Ég er varamaður í stjórn Landssambands verslunarmanna og í miðstjórn ASÍ fyrir VR. Í dag sit ég í jafnréttisnefnd VR, launanefnd VR auk þess að vera formaður húsnæðisnefndar VR. Ég hef einnig starfað að málefnum Reykjavíkurborgar, m.a. setið í stjórn ÍTR og í hverfaráði Vesturbæjar.

HELSTU ÁHERSLUR

Með frumkvæði verkalýðshreyfingarinnar, ekki síst VR, hefur Grettistaki verið lyft með stofnun Íbúðafélagsins Bjargs. Bjarg afhenti fyrstu íbúðirnar til leigu síðastliðið vor og nú þegar eru ríflega 200 íbúðir af þeim 1500 íbúðum, sem félagið mun byggja á næstu fimm árum komnar, í leigu. Með tilkomu Bjargs er hafinn nýr kafli óhagnaðardrifinna (e. non-profit) leigufélaga á Íslandi og kominn vísir að öflugu almennu húsnæðisfélagi að norrænni fyrirmynd. Ég tel að jafnvægi á húsnæðismarkaði þurfi að vera til staðar á milli leigu- og eignarhúsnæðis og huga þurfi sérstaklega að fyrstu kaupendum. Athugun stjórnar VR á rekstri leigufélags hefur vakið mikla athygli og hefur VR meðal annars fengið úthlutað lóð í Úlfarsárdal. Ég hef verið í forystu um þennan málflokk innan VR og er verkefnið mitt hjartans mál. Ég er viss um að reynsla mín mun nýtast félaginu. Ég bið um stuðning til að halda þessu góða starfi áfram.

Fríða Thoroddsen

Fæðingardagur og ár
2. nóvember 1980

Félagssvæði
Reykavík og nágrenni

Netfang
fridat@logheimtan.is

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég starfa hjá Lögheimtunni, Motus og Pacta lögmönnum. Ég lauk lögfræði við Háskólann í Reykjavík árið 2013 og fékk málflutningsréttindi árið 2017. Áður lauk ég BA gráðu í heimspeki og MA gráðu í alþjóðasamskiptum og starfaði m.a. hjá sendiráði Íslands í Brussel, Belgíu.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Í námi var ég m.a. fulltrúi nemenda í alþjóðasamskiptum, sjálfboðaliði hjá Lögréttu félagi laganema við Háskólann í Reykjavík. Þá hef ég setið í stjórn Barnaheimilisins Óss og verið sjálfboðaliði hjá Kvennaráðgjöfinni, ókeypis lögfræði- og félagsráðgjöf fyrir konur og einnig verið sjálfboðaliði fyrir Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands í Gambíu, Afríku. Í dag er ég trúnaðarmaður hjá Motus gagnvart VR.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef áhuga á að beita kröftum mínum til góðra verka fyrir félagsmenn VR. Standa þarf vörð um grunnréttindi félagsmanna og tryggja að þeir séu upplýstir um réttindi sín og skyldur á vinnumarkaði. Með styttingu vinnuvikunnar hafa þegar verið stigin mikilvæg skref að fjölskylduvænna samfélagi og auknum lífsgæðum. Ég tel mikilvægt að halda áfram á þeirri braut. Jafnréttismál eru mér ennfremur hugleikin en áfram þarf að vinna að jafnrétti á vinnumarkaði. Á næstu árum stöndum við frammi fyrir gríðarlegum tækifærum en einnig áskorunum vegna tækniframfara eða því sem nefnt hefur verið fjórða iðnbyltingin. Ferlið er þegar hafið og mikilvægt að gæta hagsmuna félagsmanna VR í gegnum þær breytingar sem óhjákvæmilega verða á störfum. Það er ekki síður mikilvægt að skapa vettvang þar sem horft er til þeirra tækifæra sem tækniframfarirnar færa félagsmönnum.

Friðrik Boði Ólafsson

Fæðingardagur og ár
1. mars 1990

Félagssvæði
Reykavík og nágrenni

Netfang/Facebook
fbolafsson@gmail.com
facebook.com/fridrikbo

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég vinn hjá Greiðslumiðlun ehf. í hugbúnaðarþróun og hef starfað þar frá því að ég útskrifaðist úr háskólanum fyrir fjórum árum. Samhliða háskólanámi starfaði ég sem forritari hjá Fiskistofu en áður hafði ég starfað sem hópstjóri í Skrúðgörðum Reykjavíkur. Ég útskrifaðist sem stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 2010 og síðar með B.S. gráðu í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands árið 2014.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið félagsmaður í VR í sex ár og setið sem stjórnarmaður í stjórn VR síðan 2018. Ég hef verið varamaður í miðstjórn ASÍ síðan í haust 2018. Ég er formaður framtíðarnefndar VR og gegni jafnframt setu í umhverfis-, jafnréttis-, starfsmennta- og húsnæðisnefndum. Meðfram þessum nefndarstörfum hef ég tekið þátt í að koma á fót lýðræðislega reknum vinnustað sem nefnist Fraktal. Ég sat í stjórn starfmannafélags Greiðslumiðlunar og Motus í eitt ár og var í Hjálparsveit skáta í Reykjavík í eitt ár.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég styð styttri vinnuviku án launaskerðingar. Lægstu laun þurfa nauðsynlega að vera nógu há til að fólk geti séð fyrir sér og sínum. Ég vil að VR og stéttarfélögin taki virkan þátt í að leysa húsnæðisvandann á Íslandi og styðji við óhagnaðardrifin leigufélög á borð við Bjarg og Blær. Þannig verði þau ekki aðeins í boði fyrir fólk með lágar tekjur heldur líka fólk með milliháar tekjur. Ég lít á húsnæði sem grundvöll lífsviðurværis.Ég vil að sjóðfélagar lífeyrissjóðanna kjósi í stjórnir þeirra og að sjóðirnir komi í auknum mæli að samfélagslegri uppbyggingu — sjóðfélögum og samfélaginu til bóta. Með því að gera kröfu um að starfsfólk fái fulltrúa í stjórn fyrirtækja sinna, líkt og tíðkast í flestum evrópulöndum, vil ég að starfsfólk og vinnuframlag þeirra öðlist þá viðurkenningu og þau áhrif, sem hingað til hafa verið einskorðuð við fjármagnið og þá sem því ráða.

Jóhann Már Sigurbjörnsson

Fæðingardagur og ár
23. desember 1974

Félagssvæði
Reykavík og nágrenni

Netfang/Facebook
johann787@hotmail.com
johann@rml.is
facebook.com/johannmar

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég starfa sem kerfisstjóri hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Áður hef ég unnið sem verkefnastjóri í veflausnum hjá Fiskistofu (1999-2006), framkvæmdastjóri og eigandi NF (1999 – 2002), kerfisstjóri hjá Varnarliðinu (1997-1999) og þjálfari yngri flokka í blaki HK (1991-1997), svo eitthvað sé nefnt. Er með MBA frá HÍ, BSc í viðskiptafræði frá HR með vinnu (2007-2011). Þá stundaði ég tölvufræði við tæknibraut IR frá 1993-1997.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Formaður samtaka leigjenda (2013-2018), í trúnaðarráði VR (2010-2020), varamaður í stjórn Lífeyrissjóðs Bænda (2019-2021), stjórnarformaður og eigandi NF ehf. (1999-2002), í miðstjórn Iðnnemasambands Íslands (1993-1995), miðstjórn nemendafélags IR (1993-1997), formaður blakdeildar HK (1994-1997), stjórnarformaður hjá Vinnulyftum ehf. (1996-1999), formaður Keiludeildar HK (1994-1997).

HELSTU ÁHERSLUR

Húsnæðismál eru mér efst í huga þegar kemur að áherslum vegna framboðs til stjórnar VR. Húsnæðiskostnaður er stærsti útgjaldaliður heimilanna og mikilvægt að verkalýðshreyfingin standi vörð um að sá kostnaður hækki ekki óeðlilega mikið fyrir hinn almenna launamann. Verkalýðshreyfingin hefur í allt of langan tíma treyst á að stjórnvöld hverju sinni móti húsnæðisstefnu til framtíðar ein og óstudd án aðkomu eða afskipta hreyfingarinnar. Stefna stjórnvalda virðist þó hafa valdið því að fasteignaverð hefur hækkað mun hraðar en laun í langan tíma sem aftur gerir launafólki erfitt að kaupa sína fyrstu íbúð eða jafnvel að stækka við sig þegar þörf er á því. Þetta er sem betur fer að breytast og nú stendur yfir samvinna stjórnvalda og verkalýðshreyfingarinnar um uppbyggingu á heilbrigðara húsnæðiskerfi fyrir launafólk. Með setu minni í trúnaðarráði og húsnæðisnefnd VR hef ég fengið tækifæri til koma að mótun áðurnefndrar stefnu, sem verkalýðshreyfingin hefur unnið með stjórnvöldum, en betur má ef duga skal. Ég vonast til að fá þitt atkvæði í kosningu til stjórnar VR, þar sem stefna mín er að beita mér fyrir því að hér Íslandi verði til heilbrigður, sanngjarn og umfram allt ódýr húsnæðismarkaður. En til þess að svo megi verða, þarftu að nýta kosningaréttinn þinn og kjósa rétt.

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Fæðingardagur og ár
17. februar1963

Félagssvæði
Suðurland

Facebook
fb.me/jyasgrimsson

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

dk hugbúnaður ehf., ráðgjafi, viðskiptafræðingur.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið virkur í VR sem stjórnarmaður í VR Suðurlandi frá 2017 og í trúnaðarráði VR frá 2017. Einnig er ég í trúnaðarráði lífeyrissjóðs VR frá 2019. Ég er félagi í Lionsklúbbnum Dynk frá stofnun hans eða frá 2014. Þar hef ég tekið virkan þátt í félagsstarfinu og hef verið varaformaður og formaður. Að auki hef ég starfað með Lions á landsvísu og hef verið í umdæmisstjórn frá 2017. Í sumar mun ég taka við sem umdæmisstjóri hjá Lions í umdæmi 109A. Ég er félagi í Oddfellow-stúkunni Atla á Selfossi. Innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps hef ég starfað í ýmsum nefndum s.s. skólanefnd, atvinnumálanefnd og er nú formaður umhverfisnefndar. Ég hef unnið hjá dk hugbúnaði frá 2006 sem ráðgjafi. Eins hef ég unnið á hóteli sem markaðsstjóri og launafulltrúi. Ég hef að auki un

HELSTU ÁHERSLUR

Á þeim rúmu 30 árum sem liðin eru frá því ég hóf að vinna hefur mismunun á vinnumarkaði aukist mikið að mínu mati. Þetta er þróun sem þarf að stöðva og helst snúa við. Lífskjarasamningarnir sem gerðir voru á síðasta ári eru fyrsta alvöruskrefið á þeirri leið. Eignaupptaka í kjölfar hrunsins 2008 bitnaði mest á þeim sem síst máttu við. Mín áherslumál eru að styðja við Lífskjarasamningana og þann stöðugleika sem þeir boða. Ég vil einnig vera virkur þáttakandi í að stuðla að því að allir geti lifað af launum sínum. Lækkun leiguverðs er liður í því og ég styð uppbyggingu óhagnaðardrifinna leigufélaga sem eina leið að því marki ásamt hækkun lágmarkslauna o.fl.

Selma Björk Grétarsdóttir

Fæðingardagur og ár
28. apríl 1971

Félagssvæði
Reykavík og nágrenni

Netfang
selmabg@internet.is

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég starfa sem ferðaráðgjafi hjá flugfélaginu Air Atlanta og hef unnið þar í ein 10 ár. Var áður hjá Ferðaskrifstofu Íslands og þar áður hjá Icelandair. Ég var í Menntaskólanum í Hamrahlíð, Iðnskólanum í Reykjavík og nam svo ferðaráðgjöf í Ferðamálaskóla Íslands. Hef einnig sótt ýmis konar námskeið hjá NTV, Amadeus ofl.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið félagsmaður VR um árabil og hef verið trúnaðarmaður VR hjá Air Atlanta frá 2012 og setið í trúnaðarráði VR frá 2014. Einnig setið ASÍ-þing og Landsþing Verslunarmanna fyrir hönd VR. Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á félagsmálum, var í stjórn starfsmannafélagsins hjá Air Atlanta. Hef einnig verið heilmikið í flokksstarfi hjá Sjálfstæðisflokknum.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég tel mikilvægt að félagsmenn VR viti um réttindi sín og þá þjónustu sem VR hefur uppá að bjóða ásamt öllu því sem hægt er að sækja til félagsins. Bæta hagsmuni félagsmanna og að fólk hafi mannsæmandi laun sem það getur lifað sómasamlegu lífi af og nái endum saman af þeim launum sem það fær. Myndi vilja sjá aukningu á ráðstöfunartekjum heimilanna svo fólk geti einnig notið þess að vera til og sinnt tómstundastarfi og ferðalögum ef það vill. Hef lengi haft mikinn áhuga á kjaramálum og myndi vilja sjá aukinn kaupmátt og að hægt verði að finna lausn á húsnæðisvandanum. Er mjög ánægð með styttingu vinnuvikunnar og hvernig hún þróast næstu árin verður gaman að sjá.

Sigmundur Halldórsson

Fæðingardagur og ár
17. desember 1966

Félagssvæði
Reykavík og nágrenni

Netfang/Facebook
simmix1@yahoo.com
facebook.com/betravr

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég starfa hjá A4 sem stafrænn verkefnastjóri og hef starfað við stafræna markaðssetningu, útgáfu og þróun m.a. hjá Icelandair, 365 og Símanum. Ég hef lokið MA-námi í alþjóðasamskiptum frá Nottingham University í Bretlandi og BS í fjölmiðlun frá Virginia Commonwealth University í Bandaríkjunum, auk margvíslegra styttri námskeiða tengdum störfum mínum.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég var í trúnaðarráði VR 2012 og frá árinu 2015 (fyrir utan eitt ár) hef ég setið í stjórn VR sem varamaður og tekið beinan þátt í störfum stjórnar í nefndum og á stjórnarfundum. Ég hef setið í fjölda nefnda VR, jafnréttis-, orlofs-, styrkja- og menntanefnd og er formaður laganefndar VR. Auk þess segi ég stoltur frá því að ég kom að stofnun framtíðarnefndar VR og tek virkan þátt í starfi þeirrar nefndar. Ég hef verið félagsmaður í VR nánast alla mína starfsævi. Ég hef setið bæði ASÍ- og LÍV-þing fyrir hönd VR. Jafnframt hef ég setið í stjórn Samfylkingarfélagsins í Hafnarfirði, verið í vefhóp SKÝ, stjórnarmaður í SVEF og er stoltur af því að styðja við bakið á starfi Amnesty International á Íslandi.

HELSTU ÁHERSLUR

Mínar áherslur snúa að því að takast á við 4. iðnbyltinguna og tryggja réttindi launafólks í þeim breytingum sem nú eru að hefjast. Mitt starf innan VR hefur skilað þeim árangri að VR hefur stofnað til framtíðarnefndar og bæði VR og ASÍ hafa gert það að kröfu sinni að við höfum bein áhrif á stefnumótun fyrirtækja í gegnum aukið atvinnulýðræði, líkt og þekkist í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Ég legg á það áherslu að tæknibreytingar verði ekki til þess að við verðum rænd réttindum og tryggt sé að samfélagið allt hagnist af þeim. Að allir félagar í VR geti tekist á við þessar breytingar í gegnum öflugt styrkjakerfi og valkosti til endurmenntunar. Að VR sé félag sem gæti hagsmuna allra félagsmanna og leggi ríka áherslu á jafnrétti í víðum skilningi þess orðs. Að við séum félag sem sé víðsýnt, lýðræðislegt og sterkt breytingaafl. Að við stöndum vörð um lífeyrisréttindi okkar og berjumst fyrir afnámi þeirra skerðinga sem stjórnvöld hafa staðið fyrir árum saman. Ég óska eftir þínum stuðningi til þess að tryggja framgang þessara verkefna.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Fæðingardagur og ár
27. febrúar 1968

Félagssvæði
Reykavík og nágrenni

Netfang/Facebook
lovisa@brimborg.is
Sigríður Lovísa í stjórn VR

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég hef starfað hjá Brimborg í 29 ár, fyrst sem tollskýrslufulltrúi, síðan gjaldkeri, aðstoðarmaður forstjóra, söluráðgjafi nýrra bíla, ráðningar- og þjálfunarstjóri ásamt því að sinna launavinnslu og er í dag gæðastjóri mannauðs og launakerfis. Ég lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti 1989. Lauk diplomagráðu í Mannauðsstjórnun frá Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2010 og útskrifast í vor með BS gráðu í viðskiptafræði við Háskóla Íslands.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef alltaf verið mjög virk í félagsstörfum, hef m.a. verið í bekkjaráði í Borgarskóla frá 2006-2009. Í stjórn foreldrafélags Árbæjarskóla frá 2009-2013, fyrst sem meðstjórnandi og síðar formaður. Síðastliðin fjögur ár hef ég setið sem aðalmaður í stjórn VR og er formaður kjaramálanefndar og aðalmaður í starfsmenntanefnd, framtíðarnefnd og framkvæmdastjórn vinnudeilusjóðs VR. Síðastliðin tvö ár hef ég verið varamaður í miðstjórn ASÍ. Ég hef mikla reynslu af kjaramálum, vegna samskipta minna við kjaramálafulltrúa VR og fleiri stéttarfélaga, í tengslum við starf mitt sl. 14 ár. Ég tel mjög mikilvægt að hafa aðila í stjórn VR með mikla reynslu af mannauðs-, launa- og kjaramálum, eins og ég tel mig hafa. Ég hef mikinn áhuga á að nýta þessa reynslu mína áfram í stjórn VR.

HELSTU ÁHERSLUR

Aukinn kaupmáttur, standa þarf vörð um að launahækkanir fari ekki beint út í verðlagið. Jafnræði í launahækkunum, með því að gæta þess að enginn hópur verði eftir, og vinna þarf jafnt fyrir alla félagsmenn VR óháð launum, aldri, kyni og þjóðerni. Að VR bjóði uppá orlofshús erlendis. Halda áfram baráttunni í húsnæðismálum, auðvelda fyrstu kaup og gera leigumarkaðinn aðgengilegri. Aukin tækifæri til endurmenntunar, t.d. að á ákveðnu tímabili ávinnist tiltekinn réttur til námsleyfis, á reglubundnum launum. Sveigjanleg starfslok, með því að gefa félagsmönnum sem komnir eru á aldur svigrúm til að minnka starfshlutfall sitt, áður en þeir ljúka störfum. VR sem landsfélag, vegna þess að það veitir meira jafnræði og er ákveðin hagræðing. Að lokum er mikilvægt að hlusta á óskir félagsmanna til að gera gott félag betra. Þitt atkvæði skiptir máli.

Sigrún Guðmundsdóttir

Fæðingardagur og ár
13. september 1959

Félagssvæði
Reykavík og nágrenni

Netfang/Facebook
Sigrun.gudmundsdottir@ikea.is
Sigrún Guðmundsdóttir

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég hef starfað hjá Ikea síðan 2007, eða í að verða 13 ár. Í 12 ár af þessum 13 hef ég sinnt starfi svæðisstjóra innréttingadeildar, sem felur í sér mikil samskipti við bæði samstarfsfólk og viðskiptavini. Starfið krefst meðal annars lausnamiðaðrar hugsunar, og hana hef ég lagt sérlega áherslu á að tileinka mér. Áður en ég færði mig yfir til IKEA starfaði ég í mörg ár við filmuframköllun í Bókabúðinni Úlfarsfelli. Ég fór Bændaskólanum á Hólum í Hjaltadal og fróðleiksfýsnin hefur leitt mig á ófá námskeiðin í gegnum tíðina, allt frá námi í gluggaútstillingum til náms í tölvubókhaldi.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Félagsstörf eru mér hugleikin, en ég hef sinnt stöðu trúnaðarmanns hjá IKEA í rúm sex ár. Ég á sæti í trúnaðarráði og hef verið virkur þátttakandi á ASÍ þingum. Áður en ég tók að mér hlutverk trúnaðarmanns sat ég í stjórn starfsmannafélags IKEA til nokkurra ára. Ég hef jafnframt tekið virkan þátt í meirihluta námskeiða sem VR hefur boðið upp á.

HELSTU ÁHERSLUR

Síðan ég tók við starfi trúnaðarmanns og hóf að kynnast því starfi sem VR vinnur af eldmóði fyrir sína félagsmenn, áttaði ég mig á því að til að hafa áhrif þarf að taka þátt og vera virkur í starfinu. Ég finn sterkan samhljóm í starfi félagsins, og hef mikla ástríðu fyrir bættum kjörum félagsmanna. Það hefur gefið mér mikið að fá tækifæri til að kynnast öllum þeim einstaklingum sem sinna hlutverki trúnaðarmanns hjá hinum ýmsu fyrirtækjum, og að sjá að þrátt fyrir ólíka bakgrunna og fagsvið eigum við það öll sameiginlegt að stefna að sama takmarkinu - að bæta lífsgæði heildarinnar. Mestu máli skiptir að félagsmenn geti treyst því að félagið þeirra beri hag þeirra fyrir brjósti og vinni af einurð að velferð þeirra í starfi og lífeyrismálum.

Þórir Hilmarsson

Fæðingardagur og ár
27. október 1983

Félagssvæði
Reykavík og nágrenni

Netfang
thorir83@gmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég hef starfað sem skósmiður hjá Skómeistaranum Smáralind frá árinu 2011. Ég hef verið félagsmaður í VR frá því ég hóf störf fimmtán ára gamall. Árið 2008 lauk ég sveinsprófi í skósmíði frá þá Iðnskólanum í Reykjavík, nú Tækniskólanum. Hafði þá unnið í og með á skóverkstæðum frá því ég byrjaði á vinnumarkaðnum. Hef einnig starfað við ýmis önnur störf tengd verslun á starfsævinni.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Hef alla ævi haft áhuga á félagsstörfum almennt og yfirleitt verið virkur á hverjum vettvangi sem ég hef komið nálægt, hvort sem það tengist störfum mínum eða öðrum sviðum lífsins. Ég hef setið í stjórn Landssambands skósmiða frá árinu 2009 til dagsins í dag. Auk þess hef ég, sem faðir tveggja stúlkna, verið virkur í foreldrafélagsstarfi hjá þeim og verið bekkjarfulltrúi hjá báðum, svo dæmi séu nefnd.

HELSTU ÁHERSLUR

Félagið okkar hefur unnið mikið og gott starf undanfarin ár en eftirfarandi eru þær áherslur sem standa mér næst og ég vil leggja áherslu á, ef ég verð hluti af komandi stjórn félagsins: Að lágmarkslaun dugi til framfærslu. Að auka verksvið Sjúkrasjóðs. Til dæmis með þeim hætti að gleraugnakaup og tannlæknakostnaður falli undir hann en ekki Varasjóð og þá sem styrkir, til dæmis föst upphæð innan tímabils (t.d. 12 eða 24 mánaða fresti), óháð launakjörum einstaklings. Auka aðgengi allra félagsmanna að upplýsingum. Til dæmis með því að fræðslu- og kynningarefni félagsins verði í boði á flestum þeim tungumálum sem félagsmenn líta á sem sitt móðurmál. Auka fræðsluefni fyrir fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaðnum. Að auka möguleika félagsmanna á því að taka þátt í starfi félagsins, t.d. með opnum umræðufundum um hagsmunamál. Setja upplýsingar um kjara- og sjóðsmál fram á skýran og auðlæsilegan hátt, t.d. með „spurt og svarað" svæði á heimasíðu þar sem spurningar og svör eru stutt og hnitmiðuð. VR er sterkt félag og ég vona að ég geti tekið þátt í mótun þess á komandi árum með fersku sjónarmiði og trausti félagsmanna mér að baki. Hvert atkvæði skiptir máli og hvet ég ykkur öll til að kjósa sama hver hlýtur atkvæði ykkar.

Þórir Baldvin Hrafnsson

Fæðingardagur og ár
28. apríl 1980

Félagssvæði
Reykavík og nágrenni

Netfang
thorirh@icehotels.is

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég útskrifaðist með BA í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands árið 2008. Í rúm 15 ár hef ég unnið í ferðaþjónustunni hér á Íslandi, fyrst í móttökunni á 101 Hótel en síðustu 6 ár hef ég unnið fyrir Icelandair Hotels. Í dag starfa ég sem bókunarstjóri en áður vann ég í gestamóttöku á hóteli og í bókunardeild fyrirtækisins. Samhliða starfinu hef ég verið í starfsmannanefnd bæði fyrir starfsmannafélag Hilton Reykjavík Nordica og einnig aðalskrifstofu Icelandair hótela.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég var í stjórn POLITICA, Félags stjórnmálafræðinema, í eitt ár á meðan ég var í námi og var einnig á lista sem bauð fram til stúdentaráðs. Eftir nám sat ég í stjórn Félag stjórnmálafræðinga í tvö ár, þar af gjaldkeri félagsins í eitt ár.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef verið trúnaðarmaður VR hjá Icelandair-hótelum í tvö ár og var endurkjörinn í upphafi þessa árs. Á þessum tíma sá ég hve mikilvæg starfsemi VR er og vil ég því leggja mitt af mörkum til að halda því góða starfi áfram. Ég aðstoðaði við innleiðingu á styttri vinnuviku og sést strax hversu mikil búbót það er. Ég legg áherslu á að við höldum áfram að stuðla að bættum kjörum félagsmanna, ekki bara með auknum kaupmætti heldur líka með breytingum á vinnuaðstæðum eins og með styttingu vinnuvikunnar og bættu vinnuumhverfi.

KOSNINGAR 2020 - FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR

Þorvarður Bergmann Kjartansson

Fæðingardagur og ár
2. mars 1992

Félagssvæði
Reykavík og nágrenni

Netfang/Facebook
thoddi@outlook.com
facebook.com/ThorvardurVR

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég hef unnið sem tölvunarfræðingur hjá Prógramm ehf. síðan 2018. Á undan því hafði ég unnið í rúm fjögur ár sem sölumaður hjá Elko. Árið 2018 útskrifaðist ég úr HR sem tölvunarfræðingur en á undan því lærði ég viðskipta- og hagfræði í MK.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið félagi í VR alla mína starfsævi og undanfarið ár hef ég verið varamaður í stjórn VR þar sem ég hef t.d. unnið í Framtíðarnefndinni við að innleiða atvinnulýðræði á Íslandi og til að undirbúa okkur fyrir þau vandamál sem blasa við launafólki við komu 4. iðnbyltingarinnar. Ég hef einnig setið á LÍV- og ASÍ-þingum þar sem ég hef talað fyrir atvinnulýðræði. Ég er í stjórn Öldu - félags um sjálfbærni og lýðræði sem talar fyrir lýðræðislegum fyrirtækjum, samfélagsbönkum, styttingu vinnuvikunnar og umhverfislegri sjálfbærni.

HELSTU ÁHERSLUR

Undanfarið ár hef ég unnið að því hvernig við viljum koma atvinnulýðræði af stað á Íslandi, þar sem starfsfólk kýs fulltrúa í stjórnir fyrirtækja. Þessari vinnu vil ég halda áfram. Þetta er ekki aðeins réttindamál heldur nauðsynlegt til að vernda kjör launafólks vegna enn meiri sjálfvirknivæðingu sem er í vændum. Stytta þarf vinnuvikuna. Bæði til þess að minnka streitu vinnandi fólks og vegna þess að við erum, sem samfélag, löngu búin að vinna upp hagvöxtinn til að stytta vinnuvikuna rækilega. Við þurfum að lýðræðisvæða lífeyrissjóðinn. Stjórnir lífeyrissjóða eiga að vera skipaðar sjóðsfélögum og aðeins kosnar af sjóðsfélögum. Atvinnurekendur eiga ekki að koma nálægt því hvað við gerum við okkar laun. VR þarf að virkja félaga sína betur. VR var lýðræðisvætt fyrir lítið meira en áratug síðan og er ennþá með örin frá fyrri tíma. Greiða þarf leið fyrir félaga til að taka virkari þátt í starfinu.

LISTI STJÓRNAR OG TRÚNAÐARRÁÐS 2020–2022

Samkvæmt lögum VR gerir uppstillinganefnd félagsins tillögu um skipan í trúnaðaráð. Í lögum VR um kosningu formanns, stjórnar og trúnaðarráð segir:

Trúnaðarráðsfundur VR sem var haldinn mánudaginn 17. janúar 2020 samþykkti listann einróma.

Framboðsfrestur til að skila inn framboðslistum til trúnaðarráðs fyrir kjörtímabilið 2020-2022 rann út á hádegi föstudaginn 18. janúar 2019. Einn listi barst, listi stjórnar og trúnaðarráðs VR.

Þar sem ekki bárust fleiri framboðslistar telst þessi listi réttkjörinn í trúnaðarráð VR. Listinn er birtur í heild sinni hér að neðan:

NAFN	VINNUSTAÐUR
Arnar Pálmi Guðmundsson	Öryggismiðstöð Íslands hf.
Auður Jacobsen	Dagar ehf.
Ágústa Harðardóttir	Johan Rönning
Áskell Viðar Bjarnason	Johan Rönning
Benedikt Ragnarsson	Mjöll-Frigg ehf.
Birna Aronsdóttir	BL ehf.
Björg Jóna Sveinsdóttir	Motus ehf.
Björgvin Björgvinsson	Ísleifur Jónsson ehf.
Björn Sigurður Lárusson	Snæland Grímsson ehf.
Dan Theman Docherty	Farfuglar ses.
Edda Svandís Einarsdóttir	Flugfélagið Atlanta ehf.
Guðmundur Bergmann Pálsson	Húsasmiðjan ehf.
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir	Vörður tryggingar hf.
Guðrún Indriðadóttir	Cabin ehf.
Guðrún Þórsdóttir	Guðmundur Jónasson ehf.
Gunnar Steinn Þórsson	Hagkaup
Hafdís Erla Kristinsdóttir	Icelandair ehf
Helga Bryndís Jónsdóttir	Ferðaskrifstofa Kynnisferða
Hildisif Björgvinsdóttir	Verkís hf.
Ingibjörg Baldursdóttir	ÍSAM ehf.
Ingibjörg H Hjartardóttir	Sjóvá-Almennar hf.
Ída Marianne Smáradóttir	Cabin ehf.
Jóhann Bjarni Knútsson	Guðmundur Arason ehf.
Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir	Ölgerðin Egill Skallagríms hf.
Jón Hjörtur Hjartarson	Póstmiðstöðin ehf.
Jón Ingi Kristjánsson	BL ehf.
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir	Egilsson ehf.
Kristján Gísli Stefánsson	Olíuverzlun Íslands ehf.
Magnús Þorsteinsson	Íslandsspil sf.
Ósk Guðrún Aradóttir	Vátryggingafélag Íslands hf.
Pálína Vagnsdóttir	Húsgagnahöllin
Pálmey Gísladóttir	Húsasmiðjan ehf.
Pétur Helgason	Össur Iceland ehf.
Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir	Ferðaskrifstofa Kynnisferða
Sæmundur Karl Jóhannesson	N1 ehf.
Unnur Elva Arnardóttir	Skeljungur hf.
Viðar Ingason	VR
Þóra Skúladóttir Öfjörð	Vörubílastöðin Þróttur hf.
Þórður Birgisson	Flugleiðahótel hf.
Þórður Mar Sigurðsson	Samskipti ehf.
Þórunn Davíðsdóttir	Mjólkursamsalan ehf.

NÁMSKEIÐ FYRIR FÉLAGSMENN

Öll námskeið fyrir félagsmenn eru haldin í sal VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Skráning á námskeiðin er á vr.is

ÞARFTU AÐSTOÐ VIÐ SKATTFRAMTALIÐ? EINSTAKLINGSRÁÐGJÖF

11. mars kl. 8:30-16:00

Leiðbeinandi: Guðrún Björg Bragadóttir

Félagsmönnum VR býðst að nýta sér einstaklingsaðstoð sérfræðinga KPMG við skattframtalið. Aðstoðin mun verða í boði 11. mars frá kl. 8:30 til 16:00. Hver tími verður 15 mínútur.

VARSTU AÐ MISSA VINNUNA?

10. mars kl. 16:00-17:30

12. maí kl. 16:00-17:30

Leiðbeinendur: Kjaramálasvið VR og Jóhann Ingi Gunnarsson

Fyrirlesturinn er hugsaður fyrir þá félagsmenn sem sagt hefur verið upp störfum af hálfu atvinnurekanda og er um 90 mínútur. Í upphafi fer sérfræðingur af kjaramálasviði yfir réttarstöðu einstaklings gagnvart starfslokum af þessu tagi, umsóknarferlið gagnvart atvinnuleysissjóði og nokkur praktísk atriði við atvinnuleit.

Því næst mun Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur fjalla um hvernig við getum unnið með og breytt viðhorfum okkar og venjum til að ná fram okkar besta þegar á reynir. Lögð verður áhersla á gagnlegar aðferðir til að takast á við breytingar við krefjandi aðstæður. Fræðslan verður í formi fyrirlesturs og umræðna í bland.

Jóhann Ingi Gunnarsson hefur áratugareynslu af klínískri vinnu með einstaklinga auk þess sem hann hefur haldið fjölda námskeiða og fyrirlestra fyrir fyrirtæki og stofnanir bæði hér heima og erlendis. Einnig má nefna að hann hefur lengi starfað á vettvangi íþrótta, t.d. sem landsliðsþjálfari ásamt því að vera andlegur styrktarþjálfari margra af okkar fremstu íþróttamönnum.

KNOW YOUR RIGHTS

18. mars kl. 9:00-10:30

Instructor: Berglind Laufey Ingadóttir, specialist in workplace rights

A short seminar with an introduction to your rights, according to the Collective Agreement. VR will provide practical information about the rights and duties of employees in the Icelandic work market and introduce the services provided by the union. A light breakfast will be provided for guests. If you are not available at this time you can also sign on to the streaming service on www.vr.is

KROSSGÁTAN

							Frí-stundar krossgátur ©	SKILN-INGS	ÞYKIST	SEÐIL		DREP-SÓTT	ÞEGAR	BLAUT AF ÚRKOMU	ÞVOTTA-SNÚRU	KRYDDI	TUÐA
							GÓÐA LYKT				NÝJA						
							HÖFNUN				SKRIFAR Á / EIGNIR LÁTINS						
							GNAUÐ-AR						FUGLA-HLJÓÐ / SNÚINN	1			
							HRUMUR / SK.ST. HLIÐ-STÆÐU					UPP-VAXANDI / Í ÆSKU					
		HLASS	LÆSTS		VERK-FÆRIS	REYTI / LOKKI				SAM-KOMU / ÁVAXTA-PLANTA					FRERI / LINA		
Á FÆTI		3		KÆSTI / LÍNA		2			MYNT / FLAT-BÖKU					HEF SÆTI / ÞREYTT-UR			
GALLA							ASPAS / FESTA YNDI									HRJÚFT SKINN	SNYFSI
DÚTL-UÐU								SK.ST. FÉLAGS / ELSK-UÐUST			VELTAST / HJÁLP-ARSÖGN Í FRAMTÍÐ						
HÁ EINK-UNN		RYK Í LOFTI / HRÆDD-IST			SPURÐ-UM / HÖRKU-KARL							HLJÓÐ-FÆRI / RÁÐ-VILLT					
FISKI-LÍNAN				5		HÖFUÐ-ÁTT / SVÖLL-UM			4				KROPP / TANNA				
LEIKUR ILLA							HÁA HÚSIÐ / GRAS-TOPPUR								MJÓAN FISK / ERFÐA-FÉÐ		6
KVÆÐI			NAFNI KONU / FREST-UNINNI						SNÆDDA / ELD-STÆÐIÐ					HERMA / SARG			
LÚSA-EGG				SKRIFA NIÐUR / NAGLBÍT						GEIGUR / ÝRIR						FÆÐ-ANDI	TEKNIR Í VINNU
	BLÓM	DUGLEG / MANNS-NAFNS					TRYGG / KVIÐIR				TÖTRAR / TÆMDUM						
FAR-MÖNN-UM						9		STARFI / NUDD-UÐU					FLJÓT Í KÍNA / GÆLUNAFN INGI-BJARGAR	8			
AND-STÆÐING					VERÐ-MÆTRI ÞEKKINGU / DUFT									FORSKEYTI VIÐ FJÖLDA / FORFEÐUR			
HÁVAX-INS						MANNS-NAFNS / BÓKSTAF						LÍKIÐ / FRIÐ					
HRESS	7			HNETA						ÍSKR-ANDI							
KLIÐI				ÝFING			10			ÞÝFÐU ÞURR-LENDIN							

VERÐLAUN FYRIR RÉTTA LAUSN KR. 15.000

Lausnin á síðustu krossgátu er: **„hermaður“.**

Vinningshafi krossgátunnar úr síðasta VR-blaði var **Sigþór Ingólfsson**. Í 45 ár hefur Sigþór starfað sem aðalbókari og skrifstofustjóri hjá hinum ýmsu fyrirtækjum en síðustu níu ár hjá Krók ehf. Hann lét af störfum hjá Krók ehf. um síðustu áramót. Helstu áhugamál Sigþórs eru ferðalög, útivist, stangveiði, hreyfing, kórsöngur og bókalestur. Sigþór stefnir á að iðka golf í auknum frítíma en segist einmitt nokkrum sinnum hafa reynt að fá þá bakteríu.

Í lausn krossgátunnar hér að ofan er orð. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifið **„krossgáta“** utan á umslagið. **Skilafrestur er til 6. apríl 2020.** Utanáskriftin er: **VR-blaðið, Kringlunni 7, 103 Reykjavík**. Einnig er hægt að senda lausnina á **krossgata@vr.is** Vinsamlegast athugið að næsta krossgáta í VR blaðinu verður ekki fyrr en að ári, í fyrsta tölublaði ársins 2020.

VERSLUNARSTÖRF ÞÁ OG NÚ

Forsíðumynd VR blaðsins að þessu sinni er af Kolbrúnu Einarsdóttur, fyrrum verslunarkonu í Grindavík. VR blaðið heimsótti Kolbrúnu árið 2016 þegar félagið hóf að gefa út félagsskírteini fyrir félagsmenn en ljósmyndir úr verslunarlífi Íslendinga prýddu framhliðar skírteinanna. Myndirnar voru fengnar frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Í takt við tímann eru félagsskírteini VR nú orðin rafræn og aðgengileg félagsmönnum á Mínum síðum á vr.is.

Nú þegar 4. iðnbyltingin er mörgum hugleikin er athyglisvert að rifja upp hvernig verslunarstörfin hafa breyst í áranna rás en eins og sést á viðtalinu við Kolbrúnu voru verslunarstörfin í þá tíð mjög frábrugðin verslunarstörfum nútímans. VR blaðið birtir brot úr viðtalinu hér fyrir neðan en viðtalið má lesa í heild sinni inn á vef VR, undir „VR blaðið“ og er viðtalið að finna í 4. tbl. VR blaðsins árið 2016.

Framtíðarnefnd VR vinnur nú að því að móta hlutverk og stefnu VR um vinnumarkað framtíðarinnar en í þessu tölublaði má finna umfjöllun um nefndina. Nefndin stefnir markvisst að því að hafa áhrif á þróun vinnumarkaðarins til framtíðar og koma í veg fyrir að stórar breytingar á vinnumarkaði geti skert hagsmuni félagsmanna. Framtíðarnefnd VR hefur mótað sér stefnu sem snýst að miklu leyti um að gera félagsmönnum kleift að hafa áhrif á atvinnuumhverfi sitt. Ef aukin tækni, nýting gervigreindar og sjálfvirknivæðing leiðir til aukinnar hagkvæmni og hagræðingar fyrir fyrirtækin, þá á starfsfólk að njóta góðs af því.

„ALLTAF FUNDIST GAMAN AÐ VINNA“

Brot úr viðtali við Kolbrúnu Einarsdóttur sem birtist fyrst í 4. tbl. VR blaðsins 2016. Viðtalið við Kolbrúnu má lesa í heild sinni á vef VR.

HVENÆR BYRJAÐIRÐU AÐ VINNA Í VERSLUN?

„Ég byrjaði að vinna í verslun Eiríks Alexanderssonar, Eikabúð, þegar ég var 15 ára. Þetta var ungur maður sem byggði þessa verslun, um sjö árum eldri en ég, og bað hann mig að koma og leysa af eitt sumar. Þetta var nýlenduvöruverslun, aðallega með matvörur eins og kjöt, kartöflur og allt annað til heimilis. Ég var nú venjulega í fiskinum og sagði honum að tala heldur við vinkonu mína því mér fannst hún betri í þessu en ég. Hann vildi nú samt fá mig þarna í vinnu þannig að úr varð að ég fór að vinna hjá honum. Hann var svo hjátrúarfullur að ég varð að byrja að vinna á laugardegi svo að ég mætti í búðina á þeim degi en var ekki kennt neitt.“

ÞÚ HEFUR ÞÁ EKKI FENGIÐ NEINA ÞJÁLFUN?

„Nei, nei, maður varð bara að bjarga sér. Svo var einhver viðskiptavinurinn sem bað um ost fyrir tíu krónur. Það voru þessi stóru oststykki með rauða vaxinu. Ég skar bara til að bjarga mér eitthvert stykki og það kostaði bara tíu krónur! Ég vigtaði það ekki einu sinni því að ég kunni ekki á vigtina, þetta var svona skali á þessu (Kolbrún bendir á vigtina sem hún stendur við á gömlu myndinni). Viðskiptavinurinn kvartaði allavega ekki! Maður var auðvitað ekki með neina reiknivél, en maður reif sér umbúðapappír og reiknaði niður á hann. Vertíðarbátarnir keyptu líka kost hjá okkur og þá þurfti að skrifa hvern einasta hlut í bók og svo var gert upp einu sinni í mánuði.“

Vinnur þú hjá Fyrirtæki ársins 2020?

VR

FYRIRTÆKI ÁRSINS 2020

Hvað er vel gert innan fyrirtækisins?
Hvað finnst þér um fyrirtækið?
Finnur þú fyrir stolti og ánægju í starfi?

Nýttu tækifærið til að hafa áhrif

Þátttaka þín í könnun VR um *Fyrirtæki ársins* er mikilvæg, bæði fyrir þig og aðra starfsmenn fyrirtækisins. Það er þitt að segja stjórnendum fyrirtækisins hvað er vel gert og hvað má betur fara.

Nánar á vr.is/2020

Könnunin hefur verið send til þín – taktu þátt!